



Vinátta virðing viska

Starfsáætlun Lindaskóla



2025 – 2026

Efnisyfirlit

Formáli – hagnýtar upplýsingar	6
Opnunartími	6
Forföll nemenda	6
Frístund.....	7
Heimasíða.....	7
1. Stjórnskipulag skólans og skipurit	8
Starfsfólk Lindaskóla.....	8
Allt starfsfólk skólans í stafrófsröð:.....	8
Skipurit Lindaskóla.....	11
2. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans	12
3. Tilhögun kennslu	15
Sérkennsla og stuðningur	15
ÍSAT.....	16
Velferðarteymi	16
Lýsing á helstu kennsluháttum og áherslum í námi	16
Kurlið	17
Kveikjum Neistann.....	18
Spjaldtölvur	20
Heimsmarkmið og Barnasáttmáli.....	20
Saman í sátt	21
Námsmat	21
Heimanámsstefna skólans.....	22
4. Starfsáætlun nemenda	25
Helstu viðburðir skólaársins MÁ.....	25
Skólasetning	25
Skreytingardagur	25
Menningardagar.....	25
Jólasamstund.....	26
Öskudagur	26
Stóra upplestrarkeppnin	26
Litla upplestrarkeppnin	27
Bekkjarskemmtanir	27
Syngjandi skóli	27
Lesum meira- Uglan.....	27
Árshátíð unglingastigs	28
Vordagar.....	28
Íþróttaviðburðir	28
Útskrift 10. bekkja	29
Skólaslit.....	30
Vettvangsferðir.....	30

5. Val nemenda í 8.-10. bekk	31
Framhaldsskólasamstarf.....	31
Leikskólasamstarf	32
6. Skólabragur/skólareglur	33
Skólareglur Lindaskóla.....	33
Skólareglur.....	35
Viðurlög við brotum á skólareglum.....	36
Viðbrögð grunnskóla Kópavogs við ófullnægjandi skólasókn	38
7. Ráð og nefndir MÁ.....	39
Skólaráð	39
Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2025-2026	40
Foreldrafélag Lindaskóla	40
Nemendaráð.....	41
Staflí.....	42
Aðrar nefndir og ráð – starfsáætlanir	43
<i>Barnasáttmáli og réttindaráð</i>	<i>43</i>
<i>Námsmatsnefnd innleiðing nýrra greinasviða</i>	<i>43</i>
<i>Nemendaverndarráð</i>	<i>43</i>
<i>Matsnefnd</i>	<i>44</i>
<i>Skólaráð</i>	<i>44</i>
<i>Trúnaðarmaður kennara:.....</i>	<i>44</i>
<i>Umsjón lestrarbóka og lestrarstefnu.....</i>	<i>45</i>
<i>Umsjón með íþróttaviðburðum</i>	<i>45</i>
<i>Viðburðanefnd.....</i>	<i>45</i>
<i>Öryggisnefnd</i>	<i>46</i>
<i>Forvarnarteymi.....</i>	<i>46</i>
<i>Velferðarteymi.....</i>	<i>46</i>
<i>Kveikjum Neistann</i>	<i>47</i>
<i>Stafræn borgarvitund</i>	<i>47</i>
<i>Menntabúðanefnd.....</i>	<i>47</i>
<i>Miðstigsráð.....</i>	<i>48</i>
<i>Umsjón með hljóðkerfi á viðburðum skólans</i>	<i>48</i>
Mönnun ráða og nefnda.....	49
8. Foreldrasamstarf	52
Fjölmennig.....	52
9. Viðfangsefni innra mats.....	53
10. Stoðþjónusta	56
Nemendavernd.....	56
Skólaheilsugæsla	56
Talþjálfun.....	57
Náms- og starfsráðgjöf	57
Skólasálfræðingur.....	58

Sérfræðipjónusta frá Menntasviði Kópavogsbæjar	58
Túlkapjónusta	58
11. Frístundastarf og félagslíf	59
Bekkjarskemmtanir	59
Félagslíf unglinga	59
Árshátíð unglingadeildar	59
Ferðalög.....	59
12. Símenntunaráætlun	60
13. Rýmingaráætlun	61
Viðbrögð við vá.....	62
Óveður	62
Inflúensa	62
Jarðskjálfti.....	62
Eldgos	62
14. Skólamáltíðir og skólaakstur	63
Skólamáltíðir.....	63
Skólaakstur	63
Óskilamunir	63
Fylgiskjöl	65
Stundatöflur	65
Valgreinar	72
Samþykki skólaráðs	73
Útfærsla Lindaskóla á viðmiðunarstundaskrá	74

Formáli – hagnýtar upplýsingar

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber grunnskólum að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Í starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skal lögð fyrir skólaráð til staðfestingar. Hér birtist starfsáætlun Lindaskóla fyrir skólaárið 2025-2026. Skólaárið 2025-2026 er 29. starfsár skólans. Í skólanum eru 435 nemendur í 1.-10 bekk og 92 starfsmenn.

Opnunartími

Skólinn er opnaður kl. 8:00 á morgnana. Nemendur í 1.-4. bekk geta farið inn í sínar stofur, lesið, lært eða verið í rólegum leikjum þar til kennsla hefst. Nemendum í 5.-10. bekk er hleypt inn í sínar stofur þegar hringt er inn kl. 8:20. Skrifstofa skólans opnar kl. 7:50 og er opin til kl. 16:00, nema á föstudögum þá er opið til 14:00. Símanúmer skólans er 441-3000.

Forföll nemenda

Tekið er við upplýsingum um veikindi og önnur forföll nemenda frá kl. 7:50 dag hvern. Forráðamenn geta einnig tilkynnt veikindi í gegnum Mentor. Foreldrum/forráðamönnum ber að láta vita af veikindum barna sinna á hverjum morgni. Kennari/ritari getur gefið nemanda leyfi úr einstaka tíma, en ef um lengri tíma er að ræða þarf að sækja um það skriflega í gegn um Þjónstugátt Kópavogsbæjar og tekur skólastjóri ákvörðun um leyfisveitingu. Hlekkur á Þjónstugáttina er á heimasíðu skólans. Foreldrar eru minntir á að þeir bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur. Lindaskóli leggur ríka áherslu á skipulagða útivist og góða gæslu fyrir nemendur, auk þess sem útivistin er vettvangur fyrir nemendur til að njóta sín í frjálsum leik. Hins vegar getur það komið fyrir alla nemendur að heilsan leyfi ekki útiveru og styðjumst við þá við eftirfarandi vinnureglur:

Nemandi getur verið inni á útivistartíma einn dag eftir veikindi. Skrifleg beiðni þarf að berast frá foreldrum og bíður nemandi þá fyrir framan hjá ritara á meðan á útivist stendur. Þar sem þessar undanþágur eru veittar vegna undangenginna veikinda er ekki leyfilegt að aðrir nemendur séu inni.

Frístund

Frístundaviðvera fyrir nemendur í 1.- 4. bekk er staðsett inni í Lindaskóla. Frístundin er opin að skóladegi loknum og er til kl.16:30. Börnin fá léttu og holla síðdegishressingu meðan á dvöl þeirra stendur. Öll skráning barna í frístund fer fram í gegnum Völu þjónustugátt Kópavogsbæjar. Frístundin er opin flesta daga sem grunnskólarnir starfa og einnig allan daginn á þremur af fimm skipulagsdögum skólans sem eru á skólatíma. Frístund er opin á virkum dögum í jóla- og páskaleyfi. Frístund er ekki opin á skólasetningardegi. Yfirmarkmið frístundar er að skapa öruggt og létt umhverfi. Lögð er mikil áhersla á frjálsræði og frumkvæði í leik. Einnig er lögð mikil áhersla á gagnkvæma virðingu í samskiptum og leitast er eftir því að leiðbeina börnunum hvernig best sé að leysa ágreining sem kann að koma upp og geta séð sjónarmið annarra. Lögð er rík áhersla á samhjálp, samhug og samvinnu. Stuttu eftir verslunarmannahelgi fram að skólasetningardegi er í boði sumardvöl fyrir nemendur sem eru að byrja í 1. bekk. Sumardvölin eru frá kl. 8:00-16:00. Frístund Lindaskóla heitir Demantabær. Forstöðumaður Demantabæjar er Kristín Lillý Kjærnested.

Heimasíða

Á heimasíðu skólans: <https://lindaskoli.is/> má finna helstu upplýsingar sem varða skólastarfið, þar eru ýmsar áætlanir, skýrslur, skóladagatal og matseðill nemenda. Þar eru einnig tenglar á Mentor, leyfisbeiðnir og þjónustugátt bæjarins. Á heimasíðunni birtast stöku sinnum yfir árið fréttir af skólastarfinu og markverðum viðburðum. Lindaskóli nýtir ekki samfélagsmiðla til upplýsingagjafar um skólastarfið.

1. Stjórnskipulag skólans og skipurit

Starfsfólk Lindaskóla

Skólastjóri: Margrét Ármann

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs: Fjóla Borg Svavarsdóttir

Deildarstjóri miðstigs og sérkennslu: Inga Birna Eiríksdóttir

Deildarstjóri unglingastigs: Arnar Bjarnason

Deildarstjóri UT: Halldóra Magnúsdóttir

Samkvæmt grunnskólalögum er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi hans og veitir honum faglega forystu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra.

Verkefni deildarstjóra er að bæta nám og kennslu í þeim árgöngum nemenda sem falla undir starfssvið hans, samhæfa kennslu og námsefni og vera ráðgefandi um námsefni og vinnubrögð. Þeir stýra faglegu starfi og skipulagi ásamt skólastjóra.

Deildarstjóri í upplýsingatækni er faglegur leiðtogi í upplýsingatækni í kennslu og skólastarfi og veitir kennslufræðilega- og tæknilega ráðgjöf og stuðning. Hann hefur umsjón með tæknibúnaði skólans s.s. tölvum, spjaldtölvum, jaðarbúnaði og hugbúnaði.

Allt starfsfólk skólans í stafrófsröð:

Aðalbjörg Hólm Stefánsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti
Alma Hlíðberg	Bókasafnskennari
Andrea Rán Aðalbjörnsdóttir	Atferlisfræðingur
Anna Día Baldvinsdóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk
Anna Halldórsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi, tengiliður farsældar
Anton Helgi Hannesson	Tónmenntakennari
Arna Arnardóttir	Dönskukennari
Arnar Bjarnason	Deildarstjóri unglingastigs
Arndís Ármann Halldórsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk
Auðbjörg Njálsdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk
Auður Gyða Ágústsdóttir	Umsjónarkennari í veikindaleyfi
Auður Lilja Harðardóttir	Sérkennari á yngsta stigi
Árnína Björt Heimisdóttir	Umsjónarkennari í fæðingarorlofi
Ása Margrét Sigurjónsdóttir	Sálfræðingur
Ásta Björk Agnarsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk
Bergrún Stefánsdóttir	Íþróttakennari
Birgitta Ólafsdóttir	Stuðningsfulltrúi á miðstigi
Birkir Ísak Jóhannsson	Stundakennari - skák

Davíð Ketilsson
Diana Kiburyte
Dragoslav Stojanovic
Erla Sigurbjartsdóttir
Eva Rós Eyjólfsdóttir
Fjóla Borg Svavarsdóttir
Guðlaug Arnórsdóttir
Guðný Hólm Þorsteinsdóttir
Guðríður Ólafsdóttir
Guðrún Friðbjörg Eyjólfsdóttir
Guðrún Jana Arnarsdóttir
Gunnar Björn Gunnarsson
Hafðís Eygló Unnsteinsdóttir
Halla Hrund Arnardóttir
Halldóra Ingunn Magnúsdóttir
Hanna Clara Minshall
Hanna Rut Heimisdóttir
Heiða Hrund Eggertsdóttir
Helena Jóna Ragnarsdóttir
Helena Rut Jónsdóttir
Hermann Óli Bjarkason
Hildur Valdís Gísladóttir
Hólmfríður Hreggviðsdóttir
Hrafnhildur Freyja Einarsdóttir
Inga Birna Eiríksdóttir
Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir
Ingunn Sara Loftsdóttir
Ivy Alda Guðbjargardóttir
Jóhanna Halldórsdóttir
Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir
Katrín Rós Þórðardóttir
Kolbrún Heiða Kolbeinsdóttir
Kristgerður Garðarsdóttir
Kristín Lilly Kjærnested
Krzysztofa Danielska
Laufey Sif Ingólfssdóttir
Laura Peneze
Lára Margrét Pálsdóttir
Lára Sif Jónsdóttir
Lilja Íris Gunnarsdóttir
Linda Arilíusdóttir
Margrét Ármann
Margrét Ásgeirsdóttir
María Málfríður Guðnadóttir
María Þorvaldsdóttir
Marín Líf Snorradóttir
Marta Grazyna Uscio

Smíðakennari
Frístundaleiðbeinandi
Húsvörður
Heimilisfræðikennari
Starfsmaður Jemen
Aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngsta stigs
Sérkennari í veikindaleyfi
Starfsmaður í mötuneyti
Umsjónarkennari í 4. bekk
Umsjónarkennari í 4. bekk
Frístundaleiðbeinandi
Stuðningsfulltrúi á unglingastigi
Frístundaleiðbeinandi
Skólahjúkrunarfræðingur
Deildarstjóri UT
Umsjónarkennari í 3. bekk
Textílkennari
Frístundaleiðbeinandi
Frístundaleiðbeinandi
Skólahjúkrunarfræðingur
Leiðbeinandi, umsjón í 7. bekk
Grunnskólakennari í fæðingarorlofi
Talmeinafræðingur
Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Deildarstjóri Miðstigs og sérkennslu
Sérkennari á yngsta stigi
Frístundaleiðbeinandi
Frístundaleiðbeinandi
Kórstjóri
Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Frístundaleiðbeinandi
Umsjónarkennari í 10. bekk
Umsjónarkennari í 5. bekk
Forstöðumaður frístundar
Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Forstöðukona Jemen
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi
Umsjónarkennari í 2. bekk
Íþróttakennari
Sérkennari á unglingastigi
Skólastjóri
Samfélagsgreinakennari á unglingastigi
Stundakennari í forföllum
Skólaliði
Frístundaleiðbeinandi
Starfsmaður í mötuneyti

Marta Manuela E. Róbertsdóttir
Matthildur R Kristjánsdóttir
Milan Simic
Nanna Hlín Skúladóttir
Nanna Þóra Jónsdóttir
Ragnhildur Róbertsdóttir
Rebekka Guðfinna Pálsdóttir
Rebekka Viggósdóttir
Sangduan Sigurðsson
Sara Helgadóttir
Selma Óskarsdóttir
Sigmar Ingi Sigurðarson
Sigríður Dóra Gísladóttir
Sigrún Dóra Jónsdóttir
Sigrún Gróa Jónsdóttir
Sigurborg Eiríksdóttir
Sigurrós Óskarsdóttir
Solveig Helga Gísladóttir
Sólrún Dögg Magnúsdóttir
Stella María Ármann
Sveindís Ólafsdóttir
Svetlana Zaytseva
Torfey Rós Jónsdóttir
Valgerður E. Aðalsteinsdóttir
Vilhelmína Þór Óskarsdóttir
Þóra Björg Stefánsdóttir
Þórdís Rúnars Þórsdóttir

Frístundaleiðbeinandi
Matráður
Skólaliði
Umsjónarkennari í 1.bekk
Sérkennari á yngsta stigi - í veikindaleyfi
Myndmenntakennari
Frístundaleiðbeinandi
Frístundaleiðbeinandi
Starfsmaður í mötuneyti
Umsjónarkennari í 7. bekk
Sérkennari á miðstigi
Stundakennari í forföllum
Umsjónarkennari í 10. bekk
Umsjónarkennari í 1. bekk
Umsjónarkennari í 5. bekk
Umsjónarkennari í 6. bekk
Umsjónarkennari í 2. bekk
Bókasafnsfræðingur í veikindaleyfi
Umsjónarkennari í 3. bekk
Umsjónarkennari í 9. bekk
ÍSAT-kennari
Skólaliði
Umsjónarkennari í 3. bekk
Skólaritari
Íþróttakennari
Umsjónarkennari í 9. bekk
Stuðningsfulltrúi

Skipurit Lindaskóla



2. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Í Lindaskóla eru foreldra- og nemendaviðtöl tekin eftir kennslu eina viku á haustönn og eina viku á vorönn. Þetta fyrirkomulag hefur verið í skólanum frá árinu 2002 og hefur líkað sérlega vel. Reynsla undanfarinna ára sýnir ótvírætt kosti þessa fyrirkomulags þar sem mætingar í viðtölin eru nær 100% enda leggja kennarar sig fram um að finna fundartíma sem hentar öllum foreldrum. Skipulagsdagar og vetrarfrí eru eins í öllum grunnskólum Kópavogs.

Uppbrotisdagar eru sérstaklega merktir á skóladagatali en þeir eru: Menningardagar/jólaböll, öskudagur, baráttudagur gegn einelti og vordagar. Síðasti kennsludagur fyrir jólafrí er 19. desember og hefst kennsla aftur á nýju ári þriðjudaginn 6. janúar. Skólaslit Lindaskóla verða þriðjudaginn 9. júní 2026.

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F Skindagur	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F Skipulagsdagur	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Vordagar
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M Skipulagsdagur	5 F	5 F	5 S Þaskadagur	5 Þ	5 F Vordagar
6 M	6 L	6 M Foreldravíðtöl	6 F	6 L	6 Þ Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M Annar í Þáskum	6 M	6 L
7 F	7 S	7 F Foreldravíðtöl	7 F Baráttudagur gegn einelti	7 S	7 M	7 L Dagur fórnistanskólans	7 L	7 Þ	7 F	7 S Síðmannadagurinn
8 F	8 M Dagur læsis	8 M Foreldravíðtöl	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M Vordagar
9 L	9 Þ	9 F Foreldravíðtöl	9 S	9 Þ	9 F	9 M Foreldravíðtöl	9 M	9 F	9 L	9 Þ Skólasit
10 S	10 M	10 F Foreldravíðtöl	10 M	10 M	10 L	10 Þ Foreldravíðtöl	10 Þ Skipulagsdagur samr.	10 F	10 S	10 M Skipulagsdagur
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M Foreldravíðtöl	11 M	11 L	11 M	11 F Skipulagsdagur
12 Þ	12 F	12 S	12 M Skipulagsdagur samr.	12 F	12 M	12 F Foreldravíðtöl	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F Foreldravíðtöl	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	14 F Uppfölingardagur	14 S
15 F Skipulagsdagur	15 M	15 M	15 L	15 M Menningardagur	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Skipulagsdagur samr.	15 M
16 L	16 Þ Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ Menningardagur	16 F	16 M Boludagur	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M Menningardagur	17 L	17 Þ Sprengdagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn
18 M Skipulagsdagur	18 F	18 L	18 Þ	18 F Menningardagur	18 S	18 M Óskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ Skipulagsdagur	19 F	19 S	19 M	19 F Menningardagur - jólaball	19 M	19 F VETRARFRÍ	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M Skipulagsdagur	20 L	20 M	20 F Dagur mannréttinda barna	20 L	20 Þ	20 F VETRARFRÍ	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F Skipulagsdagur	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 F	21 F	21 S
22 F Skipulagsdagur	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf Góu	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorláksmessa	23 F Bönddagur - upphaf þorra	23 F	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M Aftangadagur jóla	24 L	24 F	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M
25 M Skólaeiningardagur	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F
26 Þ	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 M VETRARFRÍ	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ VETRARFRÍ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F		29 S Pálasunnudagur	29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 S		31 F		31 M Gamlársdagur	31 L		31 Þ		31 S	

Skipulagsdagur
Skertur dagur
Uppbrotsdagur styttri viðvera hjá nemendum
Uppbrotsdagur
Vetrarleyfi
Foreldra- og nemendaviðtöl

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af

Dags.	Helstu viðburðir
25. ágúst	Skólasetning – skertur dagur
3. október	Skipulagsdagur
7. 10. október	Foreldra- og nemendaviðtöl að lokinni kennslu
27. -28. október	Vetrarfrí
7. nóvember	Baráttudagur gegn einelti
12. nóvember	Skipulagsdagur - frístund lokuð
14. nóvember	Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur þar sem 16. nóvember lendir á sunnudegi þetta árið.
28. nóvember	Skreytingadagur
15.-18. desember	Menningardagar
19. desember	Jólaböll – skertur dagur
22. desember	Jólafrí hefst
5. janúar	Skipulagsdagur
19. janúar	Annarskipti í list- og verkgreinum
9.-13. febrúar	Foreldra- og nemendaviðtöl að lokinni kennslu
18. febrúar	Öskudagsskemmtun - skertur dagur
19.-20. febrúar	Vetrarfrí
Ódagsett í mars	Árshátíð miðstigs
10. mars	Skipulagsdagur - frístund lokuð
26. mars	Árshátíð unglingadeildar
30. mars - 6. apríl	Páskafrí
15. maí	Skipulagsdagur
23.- 28. maí (með fyrirvara um breytingu)	Próf í unglingadeild – skertir dagar
Ódagsett í maí	Fótboltamót 7. bekkur
4. - 8. júní	Vordagar í 1.-10. bekk – skertur dagur
9. júní	Skólaslit – skertur dagur

3. Tilhögun kennslu

Skólanámskrár og kennsluáætlanir allra bekkja eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

<https://lindaskoli.is/>

Sérkennsla og stuðningur

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Í Lindaskóla eru unnið samkvæmt hugmyndafræðinni skóli án aðgreiningar þar sem leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins. Framvinda náms er háð þroskastigi einstaklingsins. Meginmarkmið með kennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennsla felur í sér breytingar eða aðlögun á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum eða kennsluaðferðum. Hún er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans. Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara metur sérkennsluþörf nemenda. Einnig er horft til greininga frá öðrum sérfræðingum sem segja til um þörfina fyrir aukna aðstoð.

Fyrir ákveðna nemendur eða nemendahóp í sérkennslu er gerð áætlun sem byggð er á mati á stöðu hans og þroska. Kennt er eftir þeirri áætlun og hún endurskoðuð eftir þörfum. Við leggjum áherslu á fyrirbyggjandi starf í yngstu bekkjunum og nána samvinnu á milli umsjónarkennara og sérkennara. Notuð eru ýmis lestrar- og skimunarpróf í 1. - 4. bekk. Lögð er sérstök áhersla á lestrarnámið í yngstu bekkjunum. Sérkennslan fer að mestu leyti fram í námsverum en einnig fara sérkennarar inn í bekkjarstofur nemenda. Við hvetjum foreldra/forráðamenn til að hafa samband við sérkennara og kynna sér skipulag sérkennslunnar í skólanum.

Við Lindaskóla starfar einnig sérkennari sem hefur sérhæft sig í vinnu með börnum sem sýna ýmis konar frávík í þroska, hegðun eða líðan. Hlutverk hans er að finna leiðir til að nemendunum líði sem best, fái örvun og námsumhverfi við hæfi.

Atferlisfræðingur starfar við skólann sem fylgist með og gerir áætlun fyrir nemendur með hegðunarvanda og/eða vanlíðan. Hlutverk atferlisfræðings er að finna leiðir að betri líðan og hegðun.

Stuðningsfulltrúar starfa við Lindaskóla en hlutverk þeirra er að aðstoða nemendur með sérþarfir og einnig eru þeir til að aðstoða kennara með nemendahópinn.

Forvarnarverkefnið „*Að verða betri ég*“ verður í Lindaskóla þetta skólaár. Verkefnið er hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs á vegum Menntasviðs. Meginmarkmiðið er að auka getu nemenda til tengslamyndunar og stuðla að því að nemendum líði vel bæði í leik og starfi. Verkefnið er í námskeiðsformi og nær yfir eina önn.

ÍSAT

Við skólann starfar ÍSAT kennari sem heldur utan um ÍSAT kennslu í skólanum. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli. Kennslan er tímabundin sem nemendur fá ýmist um lengri eða skemmri tíma, allt eftir þörfum hvers og eins. Úthlutun fer eftir fjölda ÍSAT nemenda, á hvaða stigi í íslensku þeir eru s.s. forstíga, fyrsta, annað eða þriðja stig og hversu lengi þau hafa verið í landinu. Deildarstjóri fyllir út yfirlitsskjal í samráði við ÍSAT kennara um fjölda nemenda og stöðu þeirra.

Velferðarteymi

Hér er um að ræða teymi sem er að hefja sitt þriðja ár og er komið á gott skrið í Lindaskóla. Helsta markmið velferðarteymis er að gefa aðilum sem koma að stoðþjónustu skólans svigrúm og tækifæri til að stilla saman strengi, samræma vinnulag og skapa heildrænna skipulag fyrir nemendur sína. Þetta er hugsað til að styrkja nemendur andlega, félagslega og námslega og hlúa að þeim eins vel og hægt er. Í teyminu sitja: deildarstjórar, sérkennarar, atferlisfræðingur og námsráðgjafar. Teymið hittist tvisvar í mánuði þar sem farið er yfir stöðu nemenda sem þurfa sérstaka aðstoð og leitast er við að samræma og ræða vinnubrögð.

Lýsing á helstu kennsluháttum og áherslum í námi

Kennsla fer fram samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Kennt er í bekkjardeildum/hópum þar sem allir í bekknum eru á sama aldri. Hver bekkur/hópur hefur umsjónarkennara. Kennarar leitast við að skapa nemendum sínum námsumhverfi þar sem hlúð er að hverjum einstaklingi og mismunandi þörfum þeirra. Sundkennsla fer fram í Salalaug og íþróttakennsla fer fram í íþróttasal skólans og í Smáranum. Í 1.-7. bekk er teymiskennsla þar sem allur árgangurinn er í sama bekk með tvo til þrjá umsjónarkennara. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda sinna, kennslu, undirbúningi og daglegum samskiptum. Slíkir kennsluhættir hafa

gefist mjög vel og hafa marga kosti bæði fyrir nemendur og samstarf kennara. Helstu kostir teymiskennslunnar eru eftirfarandi:

- Samvinna og fagleg þróun kennara þar sem þeir læra hvor af öðrum og miðla hugmyndum.
- Kennarar deila ábyrgð sem eykur rými fyrir fjölbreyttari kennsluhætti
- Teymisvinna ýtir undir nýsköpun í kennsluaðferðum og eykur sveigjanleika
- Nemendur njóta ólíkra styrkleika og kennsluhátta
- Kennarar geta veitt einstaklingsmiðaðri nálgun
- Betri yfirsýn kennara á nemendur
- Árangursríkari nýting mannauðs þar sem sérhæfð kunnátta kennara nýtist betur þegar þeir vinna saman

Vorið 2016 fékk Lindaskóli Kópinn fyrir verkefnið Teymiskennsla í Lindaskóla. Kópurinn er viðurkenning menntaráðs Kópavogs fyrir verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun innan skólanna í Kópavogi. Teymiskennsla hófst í Lindaskóla haustið 2013.

Útikennsla er fastur liður í hverri viku á yngsta stigi. Útinám eykur fjölbreytni í skólastarfi og mætir án efa ólíkum þörfum nemenda. Lindaskóli hefur í mörg ár verið í samstarfi við Landvernd og umhverfisráðuneytið um átak í umhverfismálum. Útinám í Lindaskóla var tilnefnt til Kópsins vorið 2016.

Lindaskóli hefur í nokkur ár verið með stuðningsáfanga sem kallast hreyfismiðja og er í 1. og 2. bekk. Á þessu ári er hreyfismiðja hluti af ástríðutímum í tengslum við verkefnið Kveikjum Neistann. Þar er markvisst unnið með þjálfun fín- og grófhreyfinga. Hver nemandi fær einn tíma á viku og eru 9-10 nemendur í hóp. Höfundur þessa verkefnis er María Málfríður Guðnadóttir íþróttakennari. Vorið 2018 fékk hún viðurkenningu menntaráðs, Kópinn, fyrir verkefnið sitt.

Kurlið

Síðustu tvö skólaár voru kennarar í 5. - 7. bekk að þróa samstarfsverkefni sín á milli. Verkefnið gengur vel og verður því haldið áfram. Nemendum af öllu stiginu er blandað saman einu sinni í viku í tvær samfelldar kennslustundir og unnin eru hin ýmsu verkefni þvert á árganga. Markmið verkefnisins eru meðal annars að skapa meiri einingu innan stigsins, efla vináttu á milli árganga, samþætta námsgreinar og gefa tækifæri á fjölbreyttu námi í minni hópum. Einnig læra þau margt hvert að öðru og eflast í félagsþroska. Að kennslunni koma

auk umsjónarkennara, sérgreinakennarar og stuðningsfulltrúar á stiginu. Kurlið fékk tilnefningu til Kópsins árið 2023.

Kveikjum Neistann

Kveikjum Neistann er ný nálgun í lestrarkennslu. Hugmyndafræðin er byggð á fjölmörgum rannsóknum á lestrarkennslu og mati á læsi nemenda í upphafi skólagöngu. Aðaláherslan er að bæta færni nemenda í lestri með því að breyta skipulagi skóladags nemenda, með sérstökum þjálfunartímum þar sem nemendum er skipt í minni hópa, aukið er við hreyfingu fyrst á morgnanna og nemendur fá að velja sér viðfangsefni í ástríðutímum í lok dags. Áherslur verkefnisins eru lestur, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfing og hugarfar. Vorið 2024 undirritaði Lindaskóli, Kópavogsbær og Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar sem stendur að baki Kveikjum Neistann samstarfssamning til þriggja ára og er Lindaskóli því formlega inni í verkefninu Kveikjum Neistann sem verður kennt í 1.-3. bekk í vetur. Lindaskóli er fyrstur skóla í Kópavogi og fyrstur skóla á Íslandi fyrir utan Vestmannaeyjar til að innleiða þetta verkefni. Í Lindaskóla er það sérkennari sem heldur utan um verkefnið ásamt umsjónarkennurum í 1.-3.bekk. Þeim til halds og trausts eru þau: Hermundur Sigmundsson, prófessor við Norska tækni- og vísindaháskólann í Þrándheimi, Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar og Svava Hjaltalín kennari í Giljaskóla og verkefnastjóri við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar Háskóla Íslands. Auk þess eigum við í Lindaskóla í góðu samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja sem var brautryðjandi í þessu verkefni.

Átaksverkefni í vetur:

Í vetur er Lindaskóli í átaksverkefni í lestri í öllum árgöngum skólans. Þar er áherslan á að hægja á og einbeita sér meira að lestri og lestrarfærni nemenda. Meiri tími er settur í lestur, lesið er fyrir nemendur, nemendur lesa sjálfir, lesið er fyrir kennarann og fyrir hvort annað. Annað átaksverkefni sem Lindaskóli leggur áherslu á í vetur er hugarfar nemenda. Í vetur mun skólinn leggja áherslu á gildi og styrkleika, sem gróskuhugarfarið felur í sér, og vinna þannig markvissara en áður að hugarfari nemenda með því að halda umræðunni vakandi og vinna sýnileg verkefni á veggina. Náms - og starfsráðgjafi heldur utan um verkefnið og miðlar til kennara.

Hugtökin sem tekin verða fyrir í vetur eru eftirfarandi:

September	Gróskuhugarfar
Október	Þrautseigja - Seigla
Nóvember	Jákvæð samskipti og virðing
Desember	Vínátta og kærleikur
Janúar	Viska
Febrúar	Hugrekki
Mars	Heilsa bæði líkamleg og andleg
Apríl	Þakklæti
Maí	Gleði
Júní	Hjálpsemi

Í vetur munum við leggja áherslu á innleiðingu endurbættrar námskrár í öllum bekkjardeildum skólans. Búið er að mynda kennarateymi sem heldur utan um innleiðinguna og reglulegir fundir verða haldnir með öllum kennurum skólans til að innleiðingin takist sem best.

Annað verkefni sem Lindaskóli er að fara af stað með er að áhættumeta hegðun nemenda. Atferlisfræðingur heldur utan um það verkefni ásamt umsjónarkennurum í hverjum árgangi fyrir sig. Verkefnið snýst um að flokka nemendur í þrjá hópa, græna, gula og rauða. Nemendur skiptast í ákveðna hópa eftir krefjandi og alvarlegri hegðun og þörf á stuðning. Flestir nemendur skólans eru grænir og þarfnast engra krefjandi aðgerða eða ítarlegra úrræða. Þeir sem flokkast gulir eða rauðir eru nemendur með krefjandi eða mjög krefjandi hegðun. Atferlisfræðingurinn mun búa til aðgerðaáætlun og/eða stuðningsáætlun sem virkar best fyrir hvern og einn nemanda þegar þarf að bregðast við krefjandi hegðun nemandans. Úrræðin fyrir nemendur í græna hópnum snúa öll að hópnum í heild sinni þar sem margir hagnast í einu og eitthvað sem er hægt að gera með öllum hópnum. Úrræðin verða ítarlegri, einstaklingsmiðuð og persónuleg fyrir þá nemendur sem skiptast í gula og rauða hópinn. Þetta er gert til að koma sem best til móts við nemendur með krefjandi hegðun því sama aðgerð eða úrræði hentar ekki öllum nemendum. Einnig er þetta gert til að undirbúa kennarann og bekkinn þegar þarf að bregðast við þessari hegðun sem getur stundum sprottið upp á ólíklegustu tímum og mynda samræmi milli árganga um úrræði fyrir nemendur. Þetta er gert í samvinnu við foreldra barna sem teljast gulir eða rauðir.

Spjaldtölvur

Lögð er áhersla á að kennarar efla fjölbreytni í kennsluháttum með notkun upplýsingatækni, þ.e. að styðja kennara til þess að nýta kosti spjaldtölvunnar til kennslu þegar það á við. Að efla lærdómssamfélagið til aukinnar notkunar tækninnar. Lindaskóli í samvinnu við aðra grunnskóla í Kópavogi hefur haldið menntabúðir þar sem endurmenntun í kennslu upplýsingatækni er vel sinnt. Fulltrúar úr hópi kennara hafa sótt UTÍS-ráðstefnur bæði á Sauðárkróki sem og UTÍS Online. UTÍS er viðburður þar sem skólafólk fær tækifæri til að ræða og fræðast um skólaþróun, upplýsingatækni og deila úr reynslubanka sínum með jafningjum.

Heimsmarkmið og Barnasáttmálinn


Haustið 2024 varð Lindaskóli Réttindaskóli UNICEF eftir tveggja ára innleiðingu. Stjórnendur og kennarar sækja sér áfram fræðslu eftir því sem þörf krefur og styður verkefnið. Tveir kennarar og einn stjórnandi sátu námskeið í Belgíu á vegum Erasmus+ vorið 2022 og var þema námskeiðsins *Menntun til sjálfbærni*. Þessir starfsmenn ásamt hópi fólks leiða þetta starf í Lindaskóla. Fyrir tæpum tveimur árum



byrjaði Lindaskóli á innleiðingu Barnasáttmálans sem hefur gengið vonum framar hér Lindaskóla en skrifað var undir samning við UNICEF haustið 2022 og hófst innleiðingin á vorönn 2023. Eins og fyrr segir lauk innleiðingunni í nóvember 2024 og varð þá Lindaskóli Réttindaskóli UNICEF. Eftir að formlegri innleiðingu lauk vann innleiðingarnefndin að þriggja ára áætlun um hvernig framhaldsvinnan verður í tenglum við að vera orðinn UNICEF skóli. Áætluninni var skilað til UNICEF á vorönn 2025. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, og allra annarra starfsmanna skólans. Til að gerast Réttindaskóli UNICEF þarf skóli, frístund og félagsmiðstöð öll að vinna að innleiðingunni. Réttindaráðið okkar var stofnað árið 2023 þar sem tveir nemendur úr hverjum árgangi frá 1. -10. bekk sitja í og mun réttindaráð starfa áfram við skólann. Eitt af verkefnum Réttindaráðs á þessu skólaári er að yfirfara skólareglur

og viðbrögð við þeim. Hugmyndakassi er kominn fyrir framan skrifstofu ritara þar sem öllum nemendum skólans býðst að skrifa niður hugmyndir til að gera skólann og samfélagið að enn betri stað.

Saman í sátt



Á þessu skólaári verður áfram unnið að því að fara eftir skólamenningaráætlun Lindaskóla. Í þeirri vinnu felst að skoða reglur og áætlanir er lúta að samskiptum og viðbrögðum skólans í þeim málum. Þetta er gert til að skerpa á mikilvægi þess að skólabragur sé jákvæður og samskipti góð. Unnið verður með gildi skólans og hvað í þeim felst. Myndir með jákvæðum og uppbyggilegum setningum

munu birtast á upplýsingaskjá skólans til að vekja nemendur okkar til umhugsunar um hvað góður skólabragur er og hve mikil áhrif hver og einn hefur á góðan skólabrag.

Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hæfa hæfniviðmiðum, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutlægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.

Lindaskóli hefur þessi markmið að leiðarljósi og eru nemendur metnir allan ársins hring með fjölbreyttum og margvíslegum leiðum. Foreldrar eiga að geta fylgst með heimanámi barna sinna inni á Mentor sem og niðurstöðum kannana, hæfni þeirra og framförum þó að munur

sé á endurgjöf eftir því á hvaða aldurstigi nemandinn er. Upplýsingar um verkefni og verkefnaskil eru sett inn á Mentor en nemendur á miðstigi og unglingastigi fá einnig ítarlegar verkefnalýsingar inn á Google Classroom.

Í foreldraviðtölum á haustönn er farið almennt yfir líðan nemandans, skólabyrjun, hvernig námið fer af stað og hvernig því miðar.

Í foreldraviðtölum á vorönn fá nemendur munnlegt stöðumat úr hverri grein fyrir sig. Allar kannanir, próf og verkefni fara inn á Mentor þar sem nemendur og foreldrar geta fylgst með stöðu sinni út frá þeim verkefnum og prófum sem þeir hafa leyst og fá endurgjöf í bókstöfum og umsagnar frá kennurum um hvað þurfi að bæta til að færast yfir á næsta hæfnistig.

Bókstafirnir eru:

A	Framúrskarandi hæfni
B+	Mjög góð hæfni
B	Hæfni náð
C+	Á góðri leið
C	Þarfnast þjálfunar
D	Hæfni ekki náð

Foreldraviðtölin hjá 10. bekkingum og foreldrum þeirra eru með aðeins öðru móti en hjá yngri nemendum því þá situr náms – og starfsráðgjafi með á fundinum og fer yfir stöðu viðkomandi með tilliti til þess hvað tekur við eftir grunnskólagönguna.

Á skólaslitum fá allir nemendur vitnisburðarblað með sér heim þar sem gefinn er bókstafur fyrir hvert fag.

Heimanámsstefna skólans

Heimanám er einn þáttur í daglegu lífi skólabarna í Lindaskóla. Heimanám er mikilvægt til þjálfunar á því námi sem á sér stað í skólanum. Í tengslum við heimanám gefst foreldrum gott tækifæri til að fylgjast með námi barnanna og veita þeim stuðning og hvatningu. Áhugi foreldra á skólagöngu barnanna skiptir sköpum fyrir velgengni þeirra í námi.

Heimanám í 1. bekk er að mestu leyti lestur en svo bætist við heimanámið eftir því sem nemendur eldast og þroskast. Upplýsingar um heimanám eru skráðar á Mentor.

Nemendur í 1. - 7. bekk eiga að lesa heima a.m.k. fimm sinnum í viku í að lágmarki 10 - 15 mínútur í senn, foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir. Allir nemendur í 1. - 4. bekk hafa kvittunarhefti fyrir heimalestur. Foreldrar kvitta fyrir lestur barnanna, kennari fer yfir heftið einu sinni í viku. Foreldrar nemenda í 5.-7. bekk skrá heimalestur í Læsir app sem kennarar fara reglulega yfir.

Í lestrarstefnu Lindaskóla er sett fram hugmynd að lestrarþjálfun fyrir heimilin.

Stuðningur og leiðsögn við lestur:

Lestrarstuðningur felst í því að hlusta á lestur nemanda, hvetja, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um hvernig góður lestur er.

Endurtekinn lestur með tímatöku:

Nemandinn les eina blaðsíðu tvisvar til þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekur tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er þetta góð aðferð til að fá börnin í endurtekningarlestur.

Víxllestur:

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt. Blaðsíður eru lesnar til skiptis, einnig er hægt að lesa eina og eina setningu, eða eina og eina efnisgrein til skiptis. Gott að hafa tvö eintök af sömu bókinni.

Leiðbeinandi lestur:

Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris/forráðamanns. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja nemandann áfram.

Upplestur með foreldri/forráðamanni:

Barnið les texta sekúndubroti á eftir fullorðna aðilanum. Orð endurtekin eftir þörfum.

Að hlusta og lesa:

Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á mms.is. Menntamálastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds og fylgjast með textanum í bók um leið.

Heimalestrarþjálfun nemenda.

Nemandi sem les 10 mínútur á dag 5 daga vikunnar:

Les 50 mínútur á viku.

Les 200 mínútur á mánuði.

Les 1800 mínútur frá september til maíloka.

Nemandi sem les 15 mínútur á dag 5 daga vikunnar:

Les 75 mínútur á viku.

Les 300 mínútur á mánuði.

Les 2700 mínútur frá september til maíloka.

Nemandi sem les 20 mínútur á dag 5 daga vikunnar:

Les 100 mínútur á viku.

Les 400 mínútur á mánuði.

Les 3600 mínútur frá september til maíloka.

4. Starfsáætlun nemenda

Í Lindaskóla er kennt samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Heildartími í 1. - 4. bekk eru 30 kennslustundir á viku, í 5. - 7. bekk eru 35 kennslustundir á viku og í 8. - 10. bekk eru kenndar 37 kennslustundir á viku. Útfærsla Lindaskóla á viðmiðunarstundaskrá er í fylgiskjöllum og þar má sjá heildartíma hvernar námsgreinar í öllum árgöngum. Stundatöflur eru einnig í fylgiskjöllum. Foreldraviðtöl með nemendum eru tvisvar yfir veturinn, í október og í febrúar/mars.

Helstu viðburðir skólaársins

Skólasetning

Nemendur koma saman á sal og koma foreldrar gjarnan með. Eftir ávarp skólastjóra fara nemendur með umsjónarkennurum sínum í heimastofur þar sem þeir afhenda stundatöflur og fara yfir ýmis mál. Skólasetningardagurinn er skertur dagur hjá öllum nemendum. Kennsla hefst samkvæmt stundatöflu næsta dag. Ekki er formleg skólasetning hjá nemendum í 1. bekk. Þeir koma allir í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamanni á skólasetningardaginn.

Skreytingardagur

Síðasta föstudag fyrir fyrsta í aðventu er skólinn færður í jólabúning. Settar eru upp ljósaseríur í stofur og miðrymi. Allar hurðir eru skreyttar og í nestistímanum er öllum boðið upp á kakó og smákökur.



Menningardagar

Menningardagar eru uppbrotsdagar síðustu vikuna fyrir jól. Á menningardögum er hefðbundin kennsla brotin upp að einhverju leyti. Nemendur í 1.-7. bekk heimsækja Lindakirkju, nemendur fara á kaffihús sem sett er upp í einni kennslustofu skólans. Nemendur í 7. bekk lesa fyrir yngri nemendum og myndlistarmaður setur upp

myndlistasýningu í skólanum. Ýmsir þekktir listamenn hafa sett upp sýningar í miðrými skólans. Á síðasta skólaári var Rán Flygenring listamaður menningardaga. Hún er hönnuður, myndlýsir og rithöfundur. Rán hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín meðal annars Íslenskubókmennta verðlaunin 2024 fyrir bók sína Tjörnin, en myndverk úr þeirri bók voru meðal verka á sýningunni sem sett var upp í skólanum.



Föndursmiðjur eru settar upp hjá eldri nemendum. Nemendur á elsta stigi fara í menningarferðir í miðbæ Reykjavíkur og Kópavogs þar sem merkar byggingar eru skoðaðar og kaffihús heimsótt í leiðinni. Menningardögum lýkur með jólaböllum hjá öllum aldursflokkum.

Jólasamstund



Á menningardögum er haldin jólaskemmtun þar sem allir nemendur skólans koma saman í íþróttasal skólans. Þar eru hin ýmsu skemmtiatriði s.s. leikrit og söngur. 4. bekkur sér um helgileik og endar samstundin á því að allir syngja saman nokkur jólalög.

Öskudagur

Öskudagsskemmtun er hjá 1.-7. bekk á öskudag. Þann dag vikur hefðbundin kennsla fyrir stöðvavinnu, nemendur og starfsmenn klæða sig í búninga. Uppbrot er jafnframt í kennslu í 8.-10. bekk, það er stöðvavinna innan stigsins og blandast nemendur þvert á árganga. Öskudagurinn er skertur skóladagur.



Stóra upplestrarkeppnin



Lindaskóli tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember og lýkur með keppni í mars. Yfirlýst markmið verkefnisins er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Stóra

upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 7. bekk. Stóra upplestrarkeppnin er liður í lestrarhvetjandi verkefnum.

Litla upplestrarkeppnin

Lindaskóli tekur þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem hefst á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í apríl með hátíð þar sem nemendur lesa fyrir gesti. Litla upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 4. bekk. Litla upplestrarkeppnin er liður í lestrarhvetjandi verkefnum.

Bekkjarskemmtanir

Tvisvar á ári er gert ráð fyrir því að hver árgangur hittist utan skóla og eigi skemmtilega stund saman. Undirbúningur og framkvæmd skal vera samvinna milli umsjónarkennara og bekkjartengla.

Syngjandi skóli

Í nokkur ár hefur Lindaskóli unnið að verkefni sem kallast „Syngjandi skóli“. Tilgangurinn er að efla sönggleði og söngstarf í skólanum. Kórinn er virkur í skólastarfinu og kemur reglulega fram innan og utan skólans. Jóhanna Halldórsdóttir söngkona og kórstjórnandi stýrir þessu verkefni. Verkefnið Syngjandi skóli var tilnefnt til Kópsins, viðurkenningar menntaráðs, 2018. Nemendum í 2.-4. býðst að vera í kór í vetur. Kórtímar eru á frístundartíma.

Lesum meira- Uglan



Bókasafnsfræðingur/bókasafnskennari skólans stendur fyrir lestrarátaki sem er kallað „Lesum meira“ og endar með spurningakeppni sem kölluð er Uglan. Keppnin er nemendur í 5., 6. og 7. bekk. Útbúinn er ákveðinn leslisti og er bókakössum með einu eintaki af hverri bók komið inn í viðkomandi bekk. Mikilvægt er að allir taki þátt og lesi bækurnar til undirbúnings fyrir keppnina sem er á milli bekkja í 5.-7. bekk. Vinningshafar fá verðlaunagripinn Ugluna til varðveislu í eitt ár. Uglan er liður í lestrarhvetjandi verkefnum. Verkefnið Lesum meira - Uglan var tilnefnd til Kópsins viðurkenningar Menntaráðs Kópavogsbæjar vorið 2019.

Árshátíð unglingastigs

Árshátíð unglingadeildar verður haldin 26. mars 2026. Hefð hefur verið fyrir því að halda árshátíðina utan skólans og á síðasta skólaári var hún haldin í Breiðfirðingabúð. Fyrirhugað er að endurtaka leikinn árið 2026. Dagskrá árshátíðarinnar hefur verið hin glæsilegasta.

Nemendur gæða sér á hlaðborði með lambi og kjúkling ásamt góðu meðlæti, skemmtiatriði hafa komið frá nemendum, veglegt happdrætti er á árshátíðinni sem nemendaráð hefur staðið fyrir og sýnd verða árshátíðarmyndbönd. Þegar hefðbundinni dagskrá er lokið koma plötusnúðar sem halda uppi fjörinu. Stöku sinnum hafa leynigestir dúkkað upp á ballinu.

Vordagar

Vordagar eru þrír: Tveir dagar þar sem nemendur í 1.-7. bekk fylgja ákveðinni dagskrá.

Annan daginn eru þau í þrautum og leikjum á skólalóðinni. Hinn daginn fara þau í vettvangsferðir.



Þriðja daginn er áheitaþlaup Lindaskóla sem hefur fengið nafnið **Lindaskólaspretturinn**.

Nemendur geta hlaupið 1 – 8 hringi og getur fólk styrkt barnið sitt um 200 krónur á hvern hring. Upphæðir sem safnast eru gefnar til málefna sem eru skólasamfélagi ofarlega í huga það árið.

Á vordögum er einnig uppbrot í unglingadeild og hefð er fyrir því að nemendur í 10. bekk keppi við kennara skólans á útskriftardaginn sinn í Stinger og Brennó.

Íþróttaviðburðir

Skólahreysti: Skólinn hefur mikinn metnað fyrir Skólahreysti. Nemendur í Lindaskóla hafa alltaf staðið sig vel og verið mjög framarlega á landsvísu. Fyrir nokkrum árum fengum við skólahreystibraut á skólalóðina sem er notuð í íþróttakennslu á haustin og vorin. En einnig mikið notuð af nemendum í útivist. Frá því að keppnin hófst vorið 2005 hafa nemendur Lindaskóla náð 3. sæti þrisvar sinnum, 2 sæti þrisvar sinnum og 1. sæti fjórum sinnum.

Glæsilegur árangur hjá okkar flotta fólki. 😊

Nemendur í 10. bekk fá aukatíma í hreyfingu í stað sundkennslu. Nemendur í Lindaskóla fá tækifæri til að ljúka 10. sundstigi í 9. bekk. Í hreyfingu er meðal annars kennd skyndihjálpi, bóklegir tímar í næringar- og heilsufræði og farið í fjallgöngur.

Lindaskóli tekur þátt í blakmóti grunnskólanna sem tilheyra UMSK. Það eru nemendur úr 5. og 6. bekk sem taka þátt í mótinu.

Allir nemendur Lindaskóla taka þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ en það var áður kallað Norræna skólahlaupið. Nemendur geta valið á milli þriggja vegalengda í hlaupinu. 2,5 km, 5 km eða 10 km. Með hlaupinu er verið að leggja áherslu á holla hreyfingu og að allir taki þátt.

Í Lindaskóla er boðið upp á skákæfingar á frístundatíma, æfingarnar eru fyrir nemendur í 1. - 4. bekk. Á æfingunum er farið yfir helstu grunnatriði í skák og nemendur taka þátt á skákmótum fyrir hönd skólans. Kennari er Birkir Ísak Jóhannsson.

Undanfarin ár hefur Lindaskóli staðið framarlega í skákinni m.a. verið Norðurlandameistarar og Íslandsmeistarar.

Í maí ár hvert er haldið fótboldamót fyrir 7. bekkina í öllum skólum í Kópavogi. Lindaskóli hefur tekið þátt í því með góðum árangri.

Útskrift 10. bekkja



Útskrift 10. bekkja er ávallt haldin hátíðleg í matsal skólans.

Þangað eru útskriftarnemum, foreldrum þeirra og kennurum boðið. Athöfnin hefst á ávarpi skólastjóra og í kjölfarið eru einkunnir og rósir afhentar af skólastjóra og deildarstjóra

unglingastigs. Skemmtiatriði koma iðulega frá útskriftarnemum auk þess sem fulltrúi foreldra flytur stutt ávarp til nemenda. Undanfarin ár hafa nemendur búið til árbók sem er afhent við útskriftina og geta nemendur þá skrifað til hvers annars kveðjuorð.

Skólaslit

Við skólaslit mæta nemendur í 1.-9. bekk ásamt foreldrum. Þar eru flutt stutt ávörp og tilkynningar og í lokin syngja allir saman. Hefð hefur verið fyrir því að hafa vorhátíð foreldrafélagsins í kjölfar skólaslita þar sem boðið er upp á hina ýmsa skemmtun en breytt var út frá því á síðasta skólaári vegna námsferðar starfsfólks til Alicante. Vorhátíðin var því haldin laugardaginn fyrir skólaslit ásamt leikskólunum Núpi og Dal. Sú vorhátíð tókst vonum framfar þar sem mikill fjöldi barna og foreldra mætti. Í kjölfarið á því ákvað foreldrafélagið í samstarfi við skólastjóra að halda áfram að halda vorhátíðina á laugardegi fyrir skólaslit þar sem það virðist henta foreldrum betur og menn meira afslappaðir heldur en á virkum degi. Þessi hátíð er sérlega ánægjulegur lokapunktur á hverju skólaári og gaman að geta fylgt nemendum og foreldrum þeirra út í sumarið.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir og námsferðir eru ríkur þáttur í skólastarfinu. Þá gefst nemendum kostur á að hvíla sig frá námsbókunum og komast út í náttúruna. Eitt af markmiðum með vettvangsferðum Lindaskóla er hvatning til aukinnar hreyfingar og fræðslu þar sem annað sjónarhorn er en innan skólastofunnar. Hefð hefur skapast fyrir ýmsum ferðum nemenda eins og gróðursetningu í Guðmundarlundi, heimsókn í Þekkingarsetrið í Sandgerði og í Reykholt Borgarfirði, sveitaferð hjá yngri bekkjum, skólabúðum og óvissuferð að vori í 10. bekk. Auk þess eru tilfallandi styttri ferðir á viðburði eða sýningar á höfuðborgarsvæðinu og innan Kópavogs í tengslum við barnamenningarhátíð eða dagskrá í menningarhúsum bæjarins.

5. Val nemenda í 8.-10. bekk

Samkvæmt grunnskólalögum (2008) skulu nemendur í 8. – 10. bekk velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Í áttunda bekk er lögð áhersla á skapandi verkefni. Nemendur fara í Verksmiðjuna, þar sem nemendur fá að skapa á sviði textíl, myndlistar, heimilisfræði og smíði. Einnig fara nemendur í Flóruna, í Flórunni verður leitast við að samþætta hinar ýmsu greinar sem falla undir samfélagsgreinar (lífsleikni, heimspeki, siðfræði, trúarbragðafræði og fl.) og list- og verkgreinar. Áhersla verður lögð á nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun og að þeir geri sér grein fyrir mismunandi hlutverkum, stofnanna og menningu í nútímasamfélagi. Nemendur í 9. bekk fara í tíma sem nefnast Brask og brall, þar er unnið á skapandi hátt með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Námstækni og starfsfræðsla er í höndum námsráðgjafa sem kemur þrisvar sinnum í tvo tíma í senn á hvorri önn inn í bekk.

Nemendur í 9.-10. bekk Lindaskóla fá kynningu á fjölbreyttu vali skólans á vordögum og velja greinar sem þeir hyggjast stunda næsta skólaár. Á meðfylgjandi slóð má finna upplýsingar um valgreinar fyrir skólaárið og lýsingar á hverri valgrein fyrir sig.

<https://sites.google.com/kopskolar.is/valgreinar-unglingadeild?usp=sharing>

Framhaldsskólasamstarf

Lindaskóli er í samvinnu við MK vegna kennslu í stærðfræði 203 og í ensku 203 eða öðrum áfanga eins og það kallast. Þessir áfangar er kenndir í Lindaskóla af kennurum hér í skólanum en lokaprófin eru tekin í MK. Eingöngu verður MK stærðfræði í vetur. Ekki náðist næg þátttaka í MK ensku. Sjá nánar upplýsingar á heimasíðu skólans.

<https://sites.google.com/kopskolar.is/valgreinar-unglingadeild?usp=sharing>

Einnig er samstarf við Tækniskólann sem býður upp á grunnskólaval. Nemendur sem velja það hafa kost á að kynna sér hinar ýmsu námsbrautir í iðngreinum í námskeiðsformi.

Leikskólasamstarf

Lindaskóli er í samstarfi við leikskólana Dal og Núp. Tilgangur samstarfsins er að kynna grunnskólann fyrir elstu börnum leikskólanna og að yngstu nemendur grunnskólans haldi tengslum við leikskólana. Með samstarfinu er verið að brúa bilið milli leik- og grunnskóla og auka samfellu í námi nemenda. Samstarf skólanna felst í gagnkvæmum heimsóknnum sem er ein leið til að styrkja tengslin á milli skólastiganna. Vináttudagurinn sem er 8. nóvember ár hvert er samvinnuverkefni leik- og grunnskólanna.

Nemendur 1. bekkjar heimsækja leikskólana einu sinni yfir veturinn að hausti. Nemendum er boðið að vera með elstu börnum leikskólans í valstund. Ákveðin svæði eru í vali, t.d. salur, þar sem reynt er á hreyfifærni og farið í leiki, listsköpun í Listaskála, byggingaleikur og fleira. Boðið er upp á veitingar sem leikskólabörnin hjálpa til við að framreiða og sungið er saman. Hér fá börnin tækifæri til að sýna sinn skóla og eru jafnvel að taka á móti vinum sínum sem voru veturinn áður í leikskólanum.

Elstu börn leikskólanna fara í nokkrar heimsóknir í Lindaskóla. Í fyrstu heimsókninni taka þau þátt í kennslustund 1. bekkjar og fá þannig innsýn í skólastarfið. Börnin syngja saman, búa til stafinn sinn og fá vinnuhefti með foræfingum. Í janúar eru leikskólabörnin með 1. bekk í skólatíma og íþróttum. Íþróttirnar fara fram í íþróttasal Lindaskóla þar sem börnin hitta íþróttakennarana og njóta leiðsagnar þeirra. Á vormánuðum fara leikskólabörnin í heimsókn í tölvustofu þar sem þau fá að kynnast aðeins forritun í gegnum leik og þrautir með BlueBot forritunarmúsum. Að því loknu fara leikskólabörnin í matsal skólans og borða þar saman.

Frístund Lindaskóla er opin fyrir leikskólana alla virka daga. Þá hafa leikskólarnir eitt rými út af fyrir sig í leik- og starfi og þannig kynnast leikskólabörnin betur húsnæði grunnskólans. Forstöðumaður frístundar tekur á móti börnunum í fyrstu haustheimsókninni þar sem hann kynnir sig, starfið og húsnæðið.

Aukin tengsl á milli elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans eru gagnleg fyrir báða aldurshópa. Mikilvægt er að vinátta og traust skapist á milli barnanna, þannig að leikskólabörnin hlakki til að hefja nám í grunnskóla.

6. Skólabragur/skólareglur

Skólareglur Lindaskóla

Í Lindaskóla hefur skapast jákvæður skólabragur. Lögð er áhersla á stundvísi, jákvæð samskipti og virðingu manna í milli. Unnið er markvisst að því að fyrirbyggja einelti og samskiptavanda. Sú leið sem við vinnum eftir er kölluð Saman í sátt og er byggð á efni eftir Erling Roland og Grete Sörensen Vaaland. Á morgnana þegar nemendur mæta í skólann eru heimastofur opnar í 1.-4. bekk og nemendur fara þar inn í rólega leiki og spjall. Í 1.-4. bekk eru kennarar komnir 10 mínútum áður en kennsla hefst. Það hefur mikið að segja að byrja daginn í rólegheitum og öryggi sem fylgir nemendum inn í daginn.

Gildi Lindaskóla ***Vinátta virðing víska*** ýta enn frekar undir góðan skólabrag og lögð er mikil áhersla á að nemendur þekki og tileinki sér gildi skólans. Syngjandi skóli er eitt af þeim verkefnum sem eru til þess að skapa góðan skólabrag. Reglulega yfir skólaárið eru tónleikar og nemendur fá tækifæri til þess að hlusta á kórinn og njóta þess að hlusta á fallegan söng. Mikilvægt er að nemendur læri að sitja rólegir og hlusta og sýna þeim sem koma fram virðingu.

Mikil áhersla er lögð á góð samskipti við heimilin. Á haustin eru fundir í öllum árgöngum þar sem starf skólaársins er kynnt og farið yfir hin ýmsu málefni sem varða skólastarfið og nemendur. Á haustfundum foreldra í 1. bekk og 8. bekk er meira lagt í fræðsluna þar sem börnin eru að hefja grunnskólagöngu og seinni hópurinn að byrja í unglingadeild. Við teljum mikilvægt að upplýsa foreldra vel um fjölbreytt skólastarf og einnig er mikilvægt að foreldrar hittist og geti rætt sín á milli og við skólafólkið um hin ýmsu mál sem varða skólastarfið. Því betur sem foreldrar þekkja skólann og starfsemi hans auðveldar það barninu að aðlagast aðstæðum og auðveldar einnig öll samskipti milli heimilis og skóla.

Nýlega var unnið að því að yfirfara reglur og áætlanir með það að leiðarljósi að í Lindaskóla sé alltaf jákvæð skólamenning og skólabragur þar sem allir eru saman í sátt. Þeirri vinnu er formlega lokið í bili en þó er alltaf unnið að því að gera skólamenninguna jákvæða og aðlaðandi fyrir nemendur.

Fyrir nokkrum árum innleiddum við nýtt slagorð í unglingadeildinni sem er „*Það er töff að vera næs*“. Í kjölfarið var farið í vinnufundi með unglingunum um skólamenningu, hvernig

við komum fram við hvert annað, orðræðu og almenn samskipti. Þetta slagorð er alla daga á upplýsingaskjánum til að minna okkur öll á ásamt öðrum hagnýtum upplýsingum.

„Að verða betri ég“ er forvarnarverkefni sem unnið er í samvinnu við menntasvið Kópavogsbæjar. Hlutverk verkefnisins er að aðstoða (styðja) grunnskóla Kópavogs með nemendur sem eiga í erfiðleikum með hegðun, tilfinningar og/eða líðan og eru útsettir fyrir áhættuhegðun. Meginmarkmiðið er að auka getu nemenda til tengslamyndunar og stuðla að því að nemendum líði vel bæði í leik og starfi.

Á undanförunum árum hefur skólalóð Lindaskóla tekið stakkaskiptum. Búið er setja upp tvo nýja körfuboltavelli, tvö setusvæði, fótboltavelli, tvo nýja klifurkastala, aparólu, fimm rólur og annan af tveimur klifurköstulum. Eingöngu á eftir að setja upp klifurvegg aftan við skólann. Auk þess er á skólalóðinni hreystibraut og battavöllur. Mikill áhugi er síðan fyrir að laga útikennslusvæðið okkar þar sem það hefur legið í dvala um stund og þarfnast mikillar lagfæringar ef vel á að vera. Í haust fékk skólinn úthlutað birkiplöntum frá Skógræktarfélagi Kópavogs Yrkjusjóði. Nemendur í 4. bekk gróðursettu plönturnar með aðstoð frá bæjarstarfsmönnum, umsjónarkennurum og stjórnendum.

Skólareglur

Til að tryggja gott skólastarf setjum við í Lindaskóla okkur þessar reglur og gilda þær á skólatíma, í ferðum og á skemmtunum á vegum skólans.

1. Nám er vinna

Skóli er vinnustaður nemenda, kennara og starfsmanna og til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að þarf að ríkja vinnufriður. Því er virðing og tillitssemi fyrir tíma annarra og fyrirhöfn nauðsynleg.

2. Stundvísí

Nemendur mæta alltaf stundvíslega skv. stundaskrá nema veikindi eða önnur gild forföll komi í veg fyrir það. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á skólasókn nemenda og skulu tilkynna forföll til skólans svo fljótt sem auðið er. Óskir um leyfi skulu alltaf koma frá forráðamönnum. Umsjónarkennari hefur heimild til að veita leyfi í einn dag, en ef um fleiri daga er að ræða skal sækja um það til skólastjóra eða á heimasíðu skólans. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það nám sem þeir verða af í leyfum.

3. Framkoma

Öllum starfsmönnum Lindaskóla, nemendum, kennurum og öðrum ber ávallt að sýna fyllstu kurteisi og vandað orðbragð í öllum samskiptum. Nemendum ber ætíð að fara eftir fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna.

4. Umgengni

Nemendur gangi vel um skólann og eigur hans, bæði innandyrna og utan. Það gildir um námsbækur, húsbúnað og skólahúsnæðið sjálft. Nemendum er óheimilt að hafa í förum sínum eldfæri, hnífa eða annað það sem getur skaðað þá sjálfa eða aðra.

5. Skólalóð

Nemendum er óheimilt að fara út af skólalóðinni í útivist. Nemendum ber að temja sér friðsamlega framkomu og trufla ekki aðra í leik og starfi. Hjólreiðar og óþarfa akstur á skólalóð er bannaður á starfstíma skólans vegna slysaþættu. Notkun línuskauta, hlaupahjóla og hjólabretta er eingöngu leyfð á tilteknu svæði fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Öll farartæki skulu geymd utandyra og eru á ábyrgð nemenda. Nemendur eru hvattir til að nota viðeigandi öryggisbúnað.

6. Tæki nemenda

Öll notkun farsíma er óheimil í kennslustundum. Öll tæki í eigu nemenda eru alfarið á ábyrgð þeirra sjálfra.

7. Heilbrigðar lífsvenjur

Nemendur mega ekki neyta sælgætis eða gosdrykkja á skólatíma nema við sérstök tækifæri. Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu bönnuð í skólanum og þar sem nemendur koma saman eða ferðast á vegum skólans.

8. Nánari reglur og ákvæði

Kennurum og starfsfólki er heimilt að setja nánari reglur á starfsstöðvum sínum, ekki síst þar sem starfsemi krefst þess.

Viðurlög við brotum á skólareglum

1. Ef um brot á skólareglum er að ræða er ferlið eftirfarandi:

- a. Ef nemandi brýtur skólareglur áminnir nálægur kennari/starfsmaður nemandann.
- b. Dugi áminning ekki ræðir umsjónarkennari við nemanda og tilkynnir foreldrum/forráðamönnum stöðu mála og leitar jafnframt aðstoðar þeirra.
- c. Við ítrekuð brot eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í skólann til viðræðu við umsjónarkennara um agavanda nemandans.
- d. Dugi þessi úrræði ekki kemur málið til kasta deildarstjóra. Hann kallar nemanda á sinn fund og ræðir þau brot á skólareglum sem nemandi tengist. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um það sem fram fer á þessum fundi.
- e. Við ítrekuð eða alvarleg brot á reglum skólans eða landslögum er skólastjóra heimilt að vísa nemanda úr skóla á meðan unnið er að lausn mála. Forráðamönnum og fræðslufirvöldum verður tilkynnt um þá ákvörðun.
- f. Ef nemandi lætur enn ekki segjast ræðir skólastjóri við nemanda og foreldra/forráðamenn hans, um leið fer málið fyrir nemendaverndarráð og þaðan til deildarstjóra grunnskóladeildar menntasvið/félagsþjónustu Kópavogs með viðeigandi úrræðum.
- g. Um leið og foreldrum er tilkynnt um agabrot nemandans skal skrá það og allan feril málsins eftir það.

2. Fari nemendur ekki að reglum um fjarskipta- og farartæki geta þeir búist við að tækjum verði komið til skólastjórnenda hvar foreldrar/forráðamenn þurfa að vitja þeirra.

3. Forráðamenn nemenda eru bótaskyldir ef um skemmdir verðmæta er að ræða.

4. Upplýsingar um viðurlög er varða skólasókn er að finna á heimasíðu skólans www.lindaskoli.is.

Í Lindaskóla er andmælaréttur virtur og jafnræðis gætt í meðferð allra mála.

Viðurlög við brotum á skólareglum Lindaskóla

Til að tryggja gott skólastarf hefur Lindaskóli sett sér skólareglur og gilda þær á skólatíma, í ferðum og á skemmtunum. VINÁTTA VIRÐING VISKA eru gildi skólans og viljum við að allir sem að skólastarfinu koma tileinki sér þau.

Hegðun nemanda

Fer ekki eftir fyrirmælum
Truflandi hegðun
Ókurteisi/ljótt orðbragð
Gengur ekki vel um
Er með sælgæti/gos í leyfisleysi

Leyst á staðnum af þeim starfsmanni er áminnir nemandinn.
Nemandi fær viðvörðun.
Nemandi biðst afsökunar á hegðun sinni ef við á.

Brot sem snerta aðra

Hrekkir/stríðir/meiðir
Sýnir ókurteisi gagnvart öðrum nemendum og starfsfólki

1. Kennari/starfsmaður áminnir nemanda
2. Umsjónarkennari ræðir við nemanda
3. Umsjónarkennari tilkynnir brotið til foreldra
4. Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar.
5. Brotið tilkynnt til deildarstjóra

Alvarleg brot

Slagsmál/ofbeldi
Skemmdarverk
Notkun á tóbaki/áfengi/vímuefnum/rafrettum
Brunakerfi sett af stað
Þjófnaður
Myndatökur án leyfis

1. Vísað til umsjónarkennara og skólastjórnenda
 2. Haft samband við foreldra
- Viðurlög ákveðin út frá atviki

Við ítrekuð eða alvarleg brot á reglum skólans eða landslögum er skólastjóra heimilt að vísa nemanda úr skóla á meðan unnið er að lausn mála.

Forráðamönnum og fræðslufyrirvöldum tilkynnt sú ákvörðun.

Viðbrögð grunnskóla Kópavogs við ófullnægjandi skólasókn



Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn. Vinnuferli Lindaskóla:

Leyfi og/eða veikindi				
Þrep 1 (5-9 dagar)	Þrep 2 (10-14 dagar)	Þrep 3 (15-19 dagar)	Þrep 4 (20-29 dagar)	Þrep 5 (30 dagar eða fleiri)
Forráðamenn fá reglulega upplýsingar um skólasókn frá skrifstofu Lindaskóla	Póstur sendur frá skrifstofu skólans þar sem forráðamenn eru upplýstir um stöðu mætinga. Umsjónarkennari fær afrit af póstinum.	Umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn símleiðis eða með tölvupósti. Deildarstjóri, náms- og starfsráðgjafar eru upplýstir um stöðu mála.	Deildarstjóri eða náms- og starfsráðgjafi hafa samband við forráðamenn og boða til fundar ef þurfa þykir. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir er send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldinu er gerð ný áætlun um næstu skref.

Fjarvistir				
Þrep 1 (2-4 fjarvistir)	Þrep 2 (5-9 fjarvistir)	Þrep 3 (10-14 fjarvistir)	Þrep 4 (15-24 fjarvistir)	Þrep 5 (fleiri en 24 fjarvistir)
Forráðamenn fá reglulega upplýsingar um skólasókn frá skrifstofu Lindaskóla	Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi ræðir við nemanda og umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn, símleiðis eða með tölvupósti. Deildarstjóri og náms- og starfsráðgjafar eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi ræðir við nemanda. Umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn og upplýsir deildarstjóra og náms- og starfsráðgjafa. Forráðamenn boðaðir til fundar ef þurfa þykir. Deildarstjóri og náms- og starfsráðgjafi sitja fundinn ásamt umsjónarkennara. Þar er gerð áætlun um næstu skref.	Deildarstjóri hefur samband við forráðamenn og boðar til fundar ef þurfa þykir. Fundinn sitja einnig umsjónarkennari og náms- og starfsráðgjafi. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldinu er gerð ný áætlun um næstu skref.

Skólasókn nemenda er skráð í Mentor. Mikilvægt er að foreldrar sækja alltaf um leyfi og tilkynni önnur forföll. Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda er mikilvægt að brugðist sé við vandanum hratt og vel. Í Lindaskóla er unnið eftir ofangreindum viðmiðum og er náms- og starfsráðgjafi í viðbragðsstöðu að grípa þessi mál og hitta nemendur sem gætu verið að detta í skólaforðun.

7. Ráð og nefndir

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, áætlanir um skólastarfið og annað faglegt starf skólans. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Í skólaráði sitja níu einstaklingar tvö ár í senn, skólastjóri, 2 kennarafulltrúar, einn fulltrúi annarra starfsmanna, tveir fulltrúar foreldra og tveir fulltrúar nemenda. Auk þess velur skólaráð einn fulltrúa úr grenndarsamfélaginu. Fundað er 4-5 sinnum á skólaárinu.

Skólaráð skólaárið 2025-2026:

Margrét Ármann, skólastjóri
Erla Sigurbjartsdóttir, fulltrúi kennara
Ásta Björk Agnarsdóttir, fulltrúi kennara
Pórdís Rúnars Þórsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna
Magnús Kristjánsson, grenndarfulltrúi
Saranda Dyla, fulltrúi foreldra
Ingunn Guðbrandsdóttir, fulltrúi foreldra
Tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði

Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2025-2026

Mánuður	Verkefni
September	Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2025-2026 Starfsmannamál Haustfundir-kynningar Framkvæmdir í sumar Nýtt námsmat / Matsferill Önnur mál
Nóvember	Umbótaáætlun kynnt Önnur mál
Febrúar	Skóladagatal skólaársins 2026-2027 Önnur mál
Mái	Áherslur næsta skólaárs Starfsmannamál Helstu niðurstöður út innra mati kynntar Matsáætlun 2024-2027 Önnur mál
Boðað verður til fleiri funda ef þurfa þykir. Fulltrúi úr skólanum ritar fundargerðir og eru þær birtar á heimasíðu skólans. Fyrir fundi fá fundarmenn drög af skýrslum og áætlunum sendar í tölvupósti til þess að þeir geti kynnt sér efnið fyrir fundinn.	

Foreldrafélag Lindaskóla

Foreldrafélag Lindaskóla var stofnað 20. október 1999 fyrir tilstuðlan áhugasamra foreldra, en öflugt foreldrafélag er forsenda þess að foreldrar hafi áhrif á skólastarfið.

Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda skólans, samvinnu heimila og skóla og almennum framförum í skólastarfi.

Félagið vinnur að því að efla kynni foreldra innbyrðis, styrkja menningar- og félagslíf innan skólans, koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál í samráði við skólann og koma fram með óskir og tillögur um breytingar. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum bekk og eru tengiliðir milli foreldra, nemenda og foreldrafélagsins. Félagið hefur umsjón með ýmsum uppákomum í skólanum, s.s. jólagleði fyrir jólin og vorhátíð.

Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2025 - 2026

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir - SAMKÓP addahj@gmail.com

Auður Böðvarsdóttir - meðstjórnandi audurbodvars@gmail.com

Ingunn Guðbrandsdóttir – skólaráð ingunngd@gmail.com

Kristín Fanney Þorgrímsdóttir - gjaldkeri kristinfanney@gmail.com

Saranda Dyla – skólaráð saranda@saranda.is

Svanhvít Ljósbjörg Gígja - ljosebjorg@gmail.com

Nemendaráð

Nemendaráð Lindaskóla er skipað fulltrúum úr 8. – 10. bekk. Kosnir eru tveir fulltrúar úr hverjum bekk að hausti. Nemendaráð skipar stjórn innbyrðis undir leiðsögn félagsstarfskennara og deildarstjóra. Deildarstjóri unglingastigs heldur utan um nemendaráðið í samvinnu við tvo kennara. Tilgangur félagsins er að halda uppi félagsstarfi í skólanum, efla félagslegan áhuga nemenda og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans. Nemendaráð skólans sér um ýmis mál innan skólans, s.s. útbúið skólakort sem gefur afslátt í ýmsum verslunum, ræðir umgengnismál í skólanum, heldur utan um ýmsar upptakur innan og utan skólans o.m.fl. Kosið er á milli fulltrúa úr 10. Bekk sem verða formaður og varaformaður nemendafélagsins.

Lög nemendafélags Lindaskóla

- 1. grein.** Félagið heitir Nemendafélag Lindaskóla, skammstafað Nemlind. Stjórn nemendafélags Lindaskóla myndar nemendaráð skólans. Formaður nemendafélagsins er jafnframt formaður nemendaráðs.
- 2. grein.** Tilgangur félagsins er að halda uppi félagsstarfi í skólanum, efla félagslegan áhuga nemenda og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.
- 3. grein.** Nemendur skólans í 8. til 10. bekk geta verið félagar í Nemendafélagi Lindaskóla.
- 4. grein.** Félagsgjöld eru innheimt í upphafi hvers skólaárs með sölu á nemendaskírteinum. Félagsgjöldin skulu ákveðin á nemendaráðsfundi. Ágóða nemendasjóðs skal fyrst og fremst varið til að niðurgreiða viðburði sem Nemendaráð Lindaskóla stendur fyrir. Gjaldkeri nemendafélagsins skal bera ábyrgð á félagsgjöldum og öðrum fjáröflunum nemendafélagsins ásamt félagsstarfskennara og skólastjóra.
- 5. grein.** Í upphafi skólaárs eru kosnir tveir nemendur úr hverjum bekk, 8. - 10. bekk, og mynda þeir nemendaráð. Nemendaráð skipar svo stjórn innbyrðis undir leiðsögn félagsstarfskennara. Stjórnin er jafnframt stjórn nemendafélagsins og skipan stjórnar felur í sér stjórnarsætin; formaður, varaformaður, ritari og meðstjórnendur. Stjórnin

er tengiliður nemenda við yfirvöld og stýrir störfum nemendaráðs í samráði við félagsstarfskennara.

6. grein. Undir stjórn nemendaráðs er framkvæmdastjórn Nemendafélags Lindaskóla sem mynduð er í samráði við félagsmálakennara og deildarstjóra stigsins.
7. grein. Einfaldur meirihluti nægir til þess að samþykkja mál innan nemendaráðs.

Nemendaráð – starfsreglur

Kosið er í nemendaráð að hausti. Umsjónarkennari eða deildarstjóri kynnir hlutverk nemendaráðs og nemendaráðsmanna áður en kosningar fara fram svo allir geri sér grein fyrir mikilvægi kosninganna.

Reglur við kosningu í bekkjum

1. Kosningar í nemendaráð eru í umsjá umsjónarkennara á bekkjarvísu.
2. Kosningin er leynileg þar sem hver nemandi greiðir eitt atkvæði.
3. Tveir nemendur í hverjum bekk sem hljóta bestu kosninguna bera sigur úr býtum. Nauðsynlegt getur verið að kjósa oftari en einu sinni á milli þeirra sem hljóta flest atkvæði.

Fundir nemendaráðs

Skyldumæting er á alla fundi nemendaráðs og þurfa nemendaráðsmenn að gera grein fyrir forföllum sínum. Nemendaráð skal funda að lágmarki einu sinni í mánuði á reglulegum fundartíma sem ákveðinn er að hausti.

Staflí

Öllum starfsmönnum skólans stendur til boða að vera félagar í Stafla, Starfsmannafélagi Lindaskóla. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir starfsfólk yfir skólaárið auk þess að vera tengiliður við Kópavogsbæ, varðandi árshátíð bæjarins. Meðal viðburða sem Staflí hefur staðið fyrir sl. ár eru t.d. leikhúsferðir, píla, jólahittingur, kransagerð, happadrætti og haustpartý. Þetta er annað árið sem dregið er mánaðarlega af launum félagsmanna og fær félagið mótframlag frá Kópavogsbæ. Aukið fjármagn gerir félaginu mögulegt að greiða niður viðburði og er þátttaka starfsmanna í viðburðum góð.

Aðrar nefndir og ráð – starfsáætlanir

Í Lindaskóla eru ráð og nefndir starfandi við skólann. Nefndarmeðlimir í hverri nefnd finna sér tíma sem henta meðlimum best til að hittast og vinna í sinni nefnd. Í hverri nefnd er einn meðlimur sem sér um fundarboðun og heldur utan um fundina. Hverju ráði og hverri nefnd ber að halda fundargerðir og sjá um dreifingu á verkefnum innan hópsins ef nauðsynlegt er.

Barnasáttmáli og réttindaráð



Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmennta, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks. Í Réttindaráði sitja tveir nemendur úr öllum árgöngum frá 2. – 10. bekkjar. Ráðið fundar reglulega með þeim kennurum sem halda utan um starfið.

Námsmatsnefnd innleiðing nýrra greinasviða

- ✓ Námsmat skólans er skoðað ár hvert
- ✓ Samfella yfir alla árganga tryggð
- ✓ Framsetning á námsmati til foreldra endurskoðuð árlega
- ✓ Nefndin skoði annarskipti m.t.t. list- og verkgreina
- ✓ Nefndin sendi reglulega upplýsingar til kennara er varðar framsetningu námsmats

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs:

Meginhlutverk nemendaverndarráðs er að gæta hagsmuna allra barna í skólanum, vernda þau og styðja með því að:

- ✓ Taka við öllum tilvísunum vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika.
- ✓ Samræma og samhæfa þjónustu skóla við nemendur sem eiga við náms- og/eða tilfinningalega örðugleika að etja.

- ✓ Meta þörf nemenda fyrir greiningu sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, sérkennara o.fl.) vegna náms-, tilfinninga- og/eða þroskavanda og samþykkja að gerð tilvísunar þar sem það á við.
- ✓ Ræða málefni nemenda sem þarfnast sértækra úrræða eins og sjúkrakennslu eða tilvísanir til sérfræðinga sem ekki tilheyra stoð-/sérfræðipjónustu sveitarfélagsins.
- ✓ Vinna og afgreiða tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur vegna barnalaga og barnaverndarlaga.
- ✓ Vera tengiliður og til samráðs vegna einstakra nemenda við aðila utan skólans, svo sem félagsþjónustu, heilsugæslu, BUGL o.fl.
- ✓ Hafa yfirsýn með og fylgja eftir starfsemi teyma sem ráðið vísar málum til og fara reglulega yfir stöðu mála sem þau annast fyrir nemendaverndarráðið.

Matsnefnd

- ✓ Hlutverk sjálfsmatsnefndar er meðal annars að stuðla að virkri og árangursríkri matsmenningu, auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum
- ✓ Nefndin fer yfir þær kannanir sem skólinn leggur fyrir hverju sinni, hvort sem um er að ræða starfsmanna-, nemenda- eða foreldrakönnun á fyrir fram ákveðnu málefni
- ✓ Nefndin setji fram skýrslu með umbótaáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans
- ✓ Niðurstöður kannanna eru settar á heimasíðu skólans
- ✓ Nefndin kynni niðurstöður könnunar

Skólaráð

- ✓ Skólaráð setur sér starfsáætlun og fundar reglulega
- ✓ Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann
- ✓ Skólaráð ræðir margvísleg mál sem snúa að skólahaldi, eins og skólanámskrá, starfsáætlun, kennslu, breytingar á skólahaldi og starfsemi, aðbúnað og velferð nemenda, húsnæðis- og öryggismál og margt fleira
- ✓ Skólaráð fjallar einnig um erindi frá ýmsum aðilum og veitir umsagnir ef þess er óskað
- ✓ Skólaráð ræðir ekki málefni einstaklinga

Trúnaðarmaður kennara:

- ✓ Gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og að réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti
- ✓ Veita félagsmönnum og vinnuveitanda upplýsingar um kjarasamninga, réttindi og skyldur
- ✓ Rannsaka umkvartanir starfsmanna á vinnustað um framkvæmd kjarasamninga og/eða þegar grunur vaknar um misfellur á framkvæmd. Fara fram á lagfæringar við yfirmann þegar umkvartanir eða grunur eiga við rök að styðjast

- ✓ Gefa starfsmönnum og stéttarfélagi upplýsingar um umkvartanir starfsmanna um framkvæmd kjarasamninga og hvaða lagfæringar hafi fengist fram
- ✓ Vísar málum til stéttarfélagsins í samráði við hlutaðeigandi ef ekki tekst að leysa þau á vinnustaðnum.
- ✓ Koma fræðslu, kynningarefni og skilaboðum frá stéttarfélagi til félagsmanna á vinnustaðnum
- ✓ Sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum KÍ og síns aðildarfélags

Umsjón lestrarbóka og lestrarstefnu

- ✓ Fylgi eftir að farið sé eftir lestrarstefnu Lindaskóla
- ✓ Stuðli að áhuga og fræðslu um læsi
- ✓ Haldi utan um lestrarbækur

Umsjón með íþróttaviðburðum

- ✓ Haldi utan um alla íþróttaviðburði skólans
- ✓ Stuðli að áhuga og fræðslu um lýðheilsu nemenda
- ✓ Fylgi eftir þeim nemendum sem keppa fyrir hönd skólans

Viðburðanefnd

- ✓ Nefndin sér um skipulagningu á sameiginlegum viðburðum starfsfólks og nemenda innan Lindaskóla
- ✓ Nefndin sér um skipulagningu menningardaga í desember sem er einn af þeim viðburðum sem skólinn hlýtur sérstöðu fyrir
- ✓ Nefndin sér um skipulagningu á stóru samstund sem haldin er ár hvert
- ✓ Viðburðarnefndin er alltaf til staðar ef kallað er á en í kjarnann sér nefndin um að koma samfélagi Lindaskóla saman til að skemmta sér og hafa gaman saman

10. september	Gulur dagur
24. október	Bleiki dagurinn
7. nóvember	Vinadagur, baráttudagur gegn einelti
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
28. nóvember	Skreytingadagur - klæðum skólann í jólin Rauður dagur
15. - 18. desember	Menningardagar
19. desember	Jólaböll
18. febrúar	Öskudagur
27. mars	Gulur dagur (páskafjör)

Öryggisnefnd

- ✓ Öryggisnefnd skal taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- ✓ Tekur þátt í gerð áhættumats og fylgja því eftir ásamt stjórnanda
- ✓ Kynnir starfsmönnum þá áhættu, sem er á vinnustaðnum að því er varðar öryggi þeirra og heilsu, og sjá til þess að þeir fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun
- ✓ Sér um reglulegar brunaæfingar fyrir skólann og betrubætur þær ef þörf þykir.

Forvarnarteymi

- ✓ Teymið skal tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.
- ✓ Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- ✓ Teymið skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- ✓ Ábyrgðaraðilar teymisins eru skólastjóri og skólaskrifstofa sveitarfélagsins. Skólaskrifstofur skulu fylgja því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt forvarnarteymi.

Teymið skal, eftir því sem unnt er, skipað:

1. Stjórnanda
2. Kennara með þekkingu á málaflokknum
3. Skólahjúkrunarfræðingi
4. Skólasálfræðingi
5. Þroskaþjálfar/sérkennara
6. Námsráðgjafa
7. Tengilið við frístundaheimili og/eða tengilið við félagsmiðstöðvar
8. Tengilið við félagsþjónustu

Velferðarteymi

Helsta markmið velferðarteymis er að þeir aðilar sem koma að stoðþjónustu skólans, stilli saman strengi, samræmi vinnulag og skapa heildrænna skipulag til að styrkja og aðlaga námið að nemendum eins vel og hægt er.

- ✓ Teymið skal hittast tvisvar í mánuði
- ✓ Teymið skal fara yfir stöðu nemenda sem þurfa sérstaka aðstoð
- ✓ Teymið skal leitast við að samræma og ræða vinnubrögð

- ✓ Teymið vinnur markvisst að velferð nemenda
- ✓ Teymið leitar lausna í sameiningu og kemur að aðgerðaráætlun og einstaklingsnámskrám ef þarf
- ✓ Teymið gætir trúnaðar um það sem rætt er nema það fari sérstaklega í aðgerðaráætlun

Kveikjum Neistann

Kveikjum neistann er verkefni í lestri, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfari.

- ✓ Kynni sér hugmyndafræðina á bak við verkefnið og vinni markvisst að henni
- ✓ Verkefni aðlöguð nemendahópum
- ✓ Ný röðun á lestrarbókum.
- ✓ Þjálfunartímar þar sem nemendum er skipt eftir hæfni í bókstöfum/lestri.
- ✓ Breytt stundaskrá í takt við hugmyndafræðina
- ✓ Komið til móts við hvern og einn í þjálfunartímum
- ✓ Ástríðutímar þar sem nemendur velja sér viðfangsefni eftir áhugasviði.
- ✓ Mikil áhersla á hreyfingu í upphafi dags.
- ✓ Vikan endar með söng og dansi.

Stafræn borgarvitund

Helsta markmið nefndarinnar er að styðja við kennslu í stafrænni borgaravitund sem snýst um að.

- ✓ Kenna nemendum um öryggi á netinu.
- ✓ Ábyrga notkun tækni.
- ✓ Samskipti á netinu.
- ✓ Friðhelgi persónuupplýsinga.
- ✓ Hvað það er að vera stafrænn borgari.
- ✓ Efla gagnrýna hugsun nemenda.

Menntabúðanefnd

Menntabúðir kennara í grunnskólum Kópavogs eru vettvangur fyrir faglegt samstarf og miðlun á reynslu og þekkingu á milli kennara. Markmiðið er að skapa tækifæri fyrir kennara til að deila verkefnum, hugmyndum og nýjungum sem þeir hafa unnið að í kennslu sinni. Í menntabúðum eru kennarar hvattir til að læra hver af öðrum, prófa nýjar aðferðir, og stuðla að skapandi lausnum í kennslu. Þannig styrkja menntabúðirnar faglega þróun, efla samvinnu og stuðla að betri menntun fyrir nemendur með því að nýta fjölbreytta kennsluhætti og nýjustu þekkingu í skólastarfi.

Miðstigsráð

Ný nefnd sem sett er á laggirnar í vetur, eitt af aðalverkefnum er að halda árshátíð fyrir nemendur á miðstigi, spurningakeppni og aðra viðburði fyrir stigið.

Umsjón með hljóðkerfi á viðburðum skólans

Sér um að hljóðkerfi sé í lagi og setur upp kerfið fyrir helstu viðburði þar sem nota þarf hljóðkerfið. Hefur samskipti við söluaðila og viðgerðaraðila eftir þörfum.

Mönnun ráða og nefnda

Forvarnarteymi:	Arnar Bjarnason Anna Halldórsdóttir Fjóla Borg Svavarsdóttir Halla Hrund Arnardóttir Inga Birna Eiríksdóttir Kristín Lillý Kjærnested Laufey Sif Ingólfssdóttir Margrét Ármann
Barnasáttmálinn/ réttindaráð:	Margrét Ásgeirsdóttir/Sigrún Dóra Jónsdóttir Arnar Bjarnason Arndís Ármann Halldórsdóttir Margrét Ármann
Kveikjum Neistann:	Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir Alma Hlíðberg Auður Lilja Harðardóttir Hanna Clara Minshull Lára Sif Jónsdóttir Nanna Hlín Skúladóttir Sigrún Dóra Jónsdóttir Sigurrós Óskarsdóttir Sólrun Dögg Magnúsdóttir Torfey Rós Jónsdóttir Fjóla Borg Svavarsdóttir
Námsmatsnefnd – Innleiðing greinasviða:	Sara Helgadóttir Arnar Bjarnason Fjóla Borg Svavarsdóttir Inga Birna Eiríksdóttir Halldóra Magnúsdóttir Hanna Clara Minshull Hanna Rut Heimisdóttir Ásta Björk Agnarsdóttir
Nemendaverndarráð:	Margrét Ármann Andrea Rán Aðalbjörnsdóttir Anna Halldórsdóttir Arnar Bjarnason Ása Margrét Sigurjónsdóttir Halla Hrund Arnardóttir Fjóla Borg Svavarsdóttir Inga Birna Eiríksdóttir

Matsnefnd:	Fjóla Borg Svavarsdóttir Halldóra Magnúsdóttir Davíð Ketilsson Erla Sigurbjartsdóttir Sigríður Dóra Gísladóttir Fulltrúi foreldra Fulltrúi nemenda
Skólaráð:	Margrét Ármann Erla Sigurbjartsdóttir Ásta Björk Agnarsdóttir Þórdís Rúnars Þórsdóttir (fulltrúi starfsfólks) Ingunn Guðbrandsdóttir (fulltrúi foreldra) Saranda Dyla (fulltrúi foreldra) (fulltrúi nemenda) (fulltrúi nemenda) Magnús Kristjánsson (fulltrúi grenndarsamfélagsins)
Trúnaðarmaður kennara:	Hanna Clara Minshull
Umsjón lestrarstefnu:	Selma Óskarsdóttir
Umsjón lestrarbóka:	Þórdís Rúnars Þórsdóttir
Umsjón með íþróttaviðburðum:	Lilja Íris Gunnarsdóttir
Miðstigsráð	Sigurborg Eiríksdóttir Anna Día Baldvinsdóttir Auðbjörg Njálsdóttir Hermann Óli Bjarkason Vilhelmína Þór Óskarsdóttir
Velferðarteymi:	Anna Halldórsdóttir Andrea Rán Aðalbjörnsdóttir Arnar Bjarnason Auður Lilja Harðardóttir Fjóla Borg Svavarsdóttir Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir Inga Birna Eiríksdóttir Selma Óskarsdóttir Linda Arilíusdóttir Sveindís Ólafsdóttir

Viðburðanefnd:	Kolbrún Heiða Kolbeinsdóttir Anton Helgi Hannesson Arnar Bjarnason Bergrún Stefánsdóttir Fjóla Borg Svavarsdóttir Guðrún Eyjólfsdóttir Inga Birna Eiríksdóttir Margrét Ármann Ragnhildur Róbertsdóttir Þóra Björg Stefánsdóttir
Öryggisnefnd:	Kristgerður Garðarsdóttir Dragoslav Stojanovic Margrét Ármann Nanna Hlín Skúladóttir
Stafræn borgaravitund:	Halldóra Magnúsdóttir Guðríður Ólafsdóttir Sólrun Dögg Magnúsdóttir Stella María Ármann Löve
Stýrihópur menntabúða:	Sigrún Gróa Jónsdóttir Arna Arnardóttir
Stafl:	Erla Sigurbjartsdóttir Anna Halldórsdóttir Ásta Björk Agnarsdóttir Davíð Ketilsson Fjóla Borg Svavarsdóttir Hermann Óli Bjarkason Margrét Ásgeirsdóttir Þórdís Rúnars Þórsdóttir
Umsjón með hljóðkerfi á viðburðum skólans	Hermann Óli Bjarkason Dragoslav Stojanovic

8. Foreldrasamstarf

Lögð er mikil áhersla á gott samstarf við foreldra/forráðamenn. Með góðu samstarfi tryggjum við gagnkvæmt traust á milli foreldra og kennara þar sem hagsmunir nemandans eru í fyrirrúmi. Að Lindaskóla hefur alla tíð staðið öflugur og samstilltur foreldrahópur sem er mikill styrkur fyrir starf skólans. Upplýsingagjöf til heimilanna fer að miklu leyti fram í gegnum Mentor og heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl með nemendum eru tvisvar yfir veturinn, í október og í febrúar. Þar gefst tækifæri á að fara yfir stöðu nemandans.

Í skólabyrjun eru haldnir haustfundir fyrir forráðamenn. Þar fara umsjónarkennarar yfir ýmsa þætti skólastarfsins, fræðsluerindi eru flutt og nemendur og forráðamenn vinna saman skólaverkefni.

Upplýsingar um ástundun nemenda eru sendar til foreldra á tveggja vikna fresti.

Í öllum bekkjardeildum eru nokkrir foreldrar valdir í bekkjarráð. Hlutverk þeirra er að efla góð samskipti á milli foreldra/forráðamanna, nemenda og kennara í bekknum með því að halda a.m.k. einu sinni á ári bekkjarkvöld í samráði við kennara. Einnig eru skipulagðar ferðir utan skóla til að auka fjölbreytni félagsstarfs bekkjarins.

Fjölmenning

Þjónusta túlka er á þeim fundum með foreldrum/forsjáraðilum ef þörf er á. Skólinn sér um að útvega og greiða fyrir þjónustuna. ÍSAT kennari, ásamt umsjónarkennara/deildarstjóra og túlki taka á móti nýjum nemendum og foreldrum þeirra á fundi við komu þeirra. Þörf á samstarfi við brúarsmiði er metið í hverju tilfelli fyrir sig.

9. Viðfangsefni innra mats

Skylda til mats á skólastarfi var lögfest í tíð grunnskólalaga frá árinu 1995 og hafa þau haldist óbreytt í gildandi lögum nr. 91/2008 með síðari breytingum. Enn fremur gildir um innra mat og eftirlit reglugerð nr. 658/2009. Í 35. gr. laganna er fjallað almennt um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs og í 36. gr. um innra mat skóla. Í ákvæðunum kemur fram að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þá segir að grunnskólar eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Á síðasta skólaári var sett upp langtíma matsáætlun sem gildir til ársins 2028. Matspáttum Lindaskóla er skipt upp í sex meginþætti og undir hverjum þeirra er nánari lýsing á því hvað metið er. Stuðst er við þá flokkun sem notuð er í ytra mati grunnskóla og fjallað er um í skýrslunum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012) og *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla* (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

1. Nám og kennsla

- Inntak, árangur og framfarir
- Skipulag náms og námsumhverfi
- Kennsluhættir og gæði kennslu
- Náms hættir og námsvitund
- Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda
- Skóli án aðgreiningar

2. Mannauður

- Fagmennska starfsfólks
- Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

3. Stjórnun

- Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
- Stjórnun grunnskólans
- Faglegt samstarf
- Skólaþróun
- Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlanir og verklagsreglur

4. Skólabragur

- Viðmót og menning
- Velferð og líðan nemenda
- Samstarf heimila og skóla

5. Innra mat

- Framkvæmd innra mats
- Umbótastarf í kjölfar innra mats

6. Áherslur Lindaskóla

- Teymisvinna / teymiskennsla
- Kveikjum Neistann

- Réttindaskóli UNICEF
- Nemenda- og foreldraviðtöl – fyrirkomulag foreldraviðtala
- Menningardagar

Eftirfarandi þættir verða metnir skólaárið 2025-2026

Matsþættir	Skólaárið 2024-2025
Nám og kennsla	
Inntak, árangur og framfarir	x
Skipulag náms og námsumhverfi	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x
Námshættir og námsvitund nemenda	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x
Skóli án aðgreiningar	x
Mannauður	
Fagmennska starfsfólks	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	x
Stjórnun og skipulag	
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x
Stjórnun skólans	x
Faglegt samstarf	x
Skólaþróun og starfsþróun	x
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x
Skólabragur	
Viðmót og menning	x
Velferð og líðan nemenda	x
Samstarf heimila og skóla	x
Innra mat	
Framkvæmd innra mats	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats	x
Áherslur Lindaskóla	
Teymisvinna / teymiskennsla	
Kveikjum Neistann	x
Hautfundir / námskeið	
Réttindaskóli UNICEF	x
Menningardagar	
Fyrirkomulag foreldraviðtala	x

Í september 2025 var skýrsla um innra mat tilbúin. Alla jafna eru þeir þættir sem ekki koma nægilega vel út í innra mati skólans settir inn í umbótaáætlun. Að þessu sinni voru niðurstöður þannig að enginn þáttur var undir landsmeðaltali í könnun nemenda í Skólalúsinum og í umbótaáætlun fyrir þetta skólaár þeir þættir sem alltaf eru í umbótaáætlun. Það eru líðan nemenda/einelti og ánægja af lestri. Á síðastliðnu skólaári voru

gerðar bæði foreldra og starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins. Tvö atriði úr hvorri könnun voru marktækt undir landsmeðaltali og eru því í umbótaáætlun fyrir þetta skólaár það eru úr foreldrakönnun: Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum og frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi. Þeir tveir þættir úr starfsmannakönnun sem fara í umbótaáætlun eru: Vinnuálag og fjöldi daga í símenntun undanfarið ár.

Fjöldmörg atriði voru marktækt yfir landsmeðaltali í öllum þremur könnunum sem lagðar voru fyrir og samkvæmt því er öflugt faglegt starf unnið í skólanum og líðan bæði nemenda og starfsfólk heilt á litið góð.

Á þessu skólaári verður lögð fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins auk nemendakönnunar sem lögð er fyrir á hverju skólaári.

Matsteymi Lindaskóla er skipað fimm fulltrúum starfsmanna auk fulltrúa foreldra og nemenda. Matsteymið eða fulltrúi þess mun kynna vinnu sína í skólaráði reglulega þar sem fulltrúar foreldra, nemenda, starfsmanna og grenndarsamfélagsins sitja ásamt skólastjóra. Skólaráði gefst þar með tækifæri á að koma með athugasemdir eða ábendingar til matsteymisins.

10. Stoðþjónusta

Nemendavernd

Við Lindaskóla er starfandi nemendaverndarráð. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi, atferlisfræðingur, hjúkrunarfræðingur skólans og sálfræðingur. Forstöðumaður Jemen félagsmiðstöðvar og Demantabæjar frístundar Lindaskóla sitja fundi eftir þörfum. Umsjónarkennari barns er einnig kallaður til ef þurfa þykir. Öll mál sem nemendaverndarráð fjallar um er farið með sem trúnaðarmál. Upplýsingar eru veittar forstöðumanni frístundar ef þurfa þykir. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og deildarstjóri unglingadeildar og/eða miðstigs funda reglulega um nemendur innan stigs.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla Lindaskóla er á vegum Heilsugæslunnar Salahverfi (590-3900).

Skólahjúkrunarfræðingar eru Halla Hrund Arnardóttir og Helena Rut Jónsdóttir

Netfang hjúkrunarfræðings skólans er lindaskoli@salus.is

Skólalæknir er Birna Björnsdóttir.

Viðverutími skólahjúkrunarfræðings veturinn 2025-2026 er eftirfarandi:

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga
8:30 - 14:00	9:30 - 12:00	8:30 - 12:00	8:30 - 15:00	8:30 - 12:00

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Hún er framhald af ung- og smábarnavernd. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda, með velferð þeirra að leiðarljósi.

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingar viti af börnum sem eru með langvinnan og/eða lífshættulegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma og fleira.

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu.

Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólahjúkrunarfræðingi.

Ef lús finnst í hári er mikilvægt að foreldrar láti vita í skólann og í framhaldi af því sendir skólinn tilkynningu í þann árgang sem lúsin kemur upp í og leiðbeiningar um það hvernig eigi að meðhöndla lúsina. Mjög mikilvægt er að foreldrar kember hár barna sinna reglulega til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu lúsarinnar.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Talþjálfun

Hólmfríður Hreggviðsdóttir er talmeinafræðingur við Lindaskóla og hefur viðveru einn dag í viku. Talmeinafræðingur sinnir m.a. greiningum, nemendum með framburðarfrávik, málþroskafrávik, stam, raddvanda og önnur frávik er snúa að máli og tali.

Náms- og starfsráðgjöf

Einn námsráðgjafi starfa við skólann í 100% starfshlutfalli. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, bæði þau er varða námið og eins í persónulegum málum. Náms- og starfsráðgjafi Lindaskóla er Anna Halldórsdóttir.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru eftirfarandi:

- Tengiliður vegna samþættrar þjónustu vegna nýrra farsældarlaga.
- Veitir nemendum ráðgjöf og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi.
- Veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum, þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu.
- Tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum.
- Undirbýr nemendur undir flutning milli skólastiga.
- Aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Sinnir fyrirbyggjandi starfi, t.d. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skóla og aðra s.s. starfsmenn skólaskrifstofu og félagsmiðstöðva.

Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem þörf er á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan eða utan skólans, s.s. sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og vísar málum einstaklinga til þeirra eftir því sem við á.

Skólasálfræðingur

Skólasálfræðingur við Lindaskóla er Ása Margrét Sigurjónsdóttir. Hún hefur fasta viðveru við skólann þrjá daga í viku. Í vetur er það á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum. Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi og líðan nemenda. Hann veitir ráðgjöf til nemenda, starfsmanna og foreldra vegna náms- og tilfinningavanda en ekki meðferð. Umsjónarkennarar geta vísað nemendum til skólasálfræðings með samþykki foreldra og skal leggja beiðnina fyrir nemendaverndarráð. Lindaskóli hefur undanfarin ár tekið þátt í verkefni þar sem nemendur í 10. bekk geta óskað eftir viðtali við skólasálfræðing án aðkomu foreldra. Lindaskóli mun halda áfram að taka þátt í því verkefni þegar það er í boði þar sem það hefur gefist nemendum vel.

Sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogsbæjar

Skólinn hefur aðgang að sérfræðiþjónustu frá Menntasviði Kópavogsbæjar gerist þess þörf. Má þar nefna, kennsluráðgjafa, iðjuþjálfara, ráðgjöf vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og atferlisráðgjöf.

Ef sérþarfir barns eru miklar og flóknar geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barn sitt í sérskóla. Í Kópavogi eru starfræktar sérdeildir, námsver og sérúrræði til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Túlkþjónusta

Þjónusta túlka er á þeim fundum með foreldrum/forsjáraðilum ef þörf er á. Skólinn sér um að útvega og greiða fyrir þjónustuna.

11. Frístundastarf og félagslíf

Bekkjarskemmtanir

Í öllum bekkjardeildum eru stefnt að halda 1 - 2 bekkjarskemmtanir yfir veturinn þar sem nemendur, foreldrar og í sumum tilfellum kennarar skemmta sér saman. Æskilegt er að frumkvæðið komi frá foreldrum (bekkjarfulltrúum) í samráði við umsjónarkennara.

Félagslíf unglinga

Lindaskóli stendur að jólaballi og árshátíð fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Annað félagsstarf er að mestu leyti í höndum félagsmiðstöðvarinnar Jemen. Forstöðumaður Jemen er Laufey Sif Ingólfssdóttir

Árshátíð unglingadeildar

Árshátíð unglingadeildar verður haldin 26. mars 2026. Hefð hefur verið fyrir því að halda árshátíðina úr húsi og á síðasta skólaári var hún haldin í Breiðfirðingabúð og ætlum við að endurtaka leikinn mars '26. Dagskrá árshátíðarinnar hefur verið hin glæsilegasta. Nemendur gæða sér á á hlaðborði sem inniheldur lamb og kjúkling ásamt meðlæti. Skemmtiatriði hafa komið frá nemendum, veglegt happdrætti er á árshátíðinni sem nemendaráð hefur staðið fyrir og sýnd verða árshátíðarmyndbönd. Þegar hefðbundinni dagskrá er lokið koma plötusnúðar sem halda uppi fjörinu. Stöku sinnum hafa leynigestir dúkkað upp á ballinu.

Ferðalög

Hefð hefur skapast fyrir ýmsum skólaferðalögum nemenda til að efla félagsfærni og brjóta upp skólastarfið. Þetta árið fer 7. bekkur í Vatnaskóg og gistir í tvær nætur. Þá fer 9. bekkur í Vindáshlíð og gistir í fjórar nætur. Útskriftar/óvissuferð 10. bekinga er að vori og sjá foreldrar alfarið um skipulagningu þeirrar ferðar. Umsjónarkennarar fara með í þessar ferðir auk foreldra.

12. Símenntunaráætlun

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á mikilvægi endurmenntunar kennara til að tryggja gagnvirkni, nýsköpun og aðlögun að breyttum menntunarþörfum. Þar er minnst á að kennarar þurfa að halda áfram að þróa þekkingu sína og hæfni til að mæta ýmsum áskorunum og stuðla að lýðræðislegu og gagnvirku námi.

Skipta má símenntunaráætlun starfsfólks í tvo þætti. Þætti sem skólinn leggur áherslu á og þætti sem starfsmenn telja sjálfir æskilega og/eða nauðsynlega fyrir starf sitt. Símenntun kennara og starfsfólks fer fram með ýmsu móti jafnt og þétt yfir skólaárið. Endurmenntun á að vera stöðug, fjölbreytt og miða að því að efla faglega hæfni.

Skólastjórnendur meta þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá áherslum skólaársins. Þau námskeið ber kennurum skólans að sækja. Menntasvið Kópavogsbæjar skipuleggur endurmenntunar-námskeið í ágúst sem kennarar eru hvattir til að sækja. Upplýsingar um námskeiðin má finna hér: <https://sites.google.com/snjallheimar.is/startholunum2025>

Lestur og læsi – kemur mér það við? Í kjölfar námskeiðsdaga Kópavogsbæjar í ágúst 2025 var boðið til sameiginlegs menntadags allra kennara í Kópavogi, þar sem sjónum var beint að læsi sem grunnþætti alls náms. Dagskráin hófst með fyrirlestrum sem tengjast viðfangsefnum hvers skólastigs síðan gafst þátttakendum kostur á að velja sér vinnustofur sem tengja læsi við fjölbreytt fagsvið og kennslu.

Mikilvægt er að hver starfsmaður skrái hjá sér þá endurmenntun sem hann stundar. Hver starfsmaður ber ábyrgð á eigin símenntun/starfsþróun. Þeir þurfa að koma auga á tækifæri til að bæta þekkingu sína í umhverfi sem er í sífelldri þróun. Það getur haft mikil áhrif á starfsánægju starfsmanna. Skólinn greiðir fyrir námskeið sem ætlast er til að allir taki þátt í. Önnur námskeið eru á kostnað starfsmanna sem geta sótt um styrki úr endurmenntunarsjóðum stéttarfélaga og þróunarsjóðum.

Mikil og góð þátttaka kennara á námstefnunni UTIS Online var gleðileg og hvatti skólinn kennara til að sækja þessa endurmenntun. Skólinn nýtti einnig tækifærið til hópeflingar, náði upp góðri stemningu fyrir ráðstefnunni og hlaut góðar viðtökur kennara fyrir.

Skólastjórnendur sækja námstefnu SKÓR sem verður haldin í Hveragerði í 12. og 13. mars.

Endurmenntunarnámskeið á vegum Kópavogsbæjar fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa voru ekki í boði á skipulagsdögum í ágúst þetta árið.

13. Rýmingaráætlun

Kort af rýmingarleiðum eru inni í öllum kennslustofum skólans. Rýmingarleiðir eru æfðar tvisvar á skólaári. Öryggisnefnd hefur yfirumsjón með rýmingaráætlun. Í öryggisnefnd eru Dragoslav Stojanovic, Margrét Ármann, Kristgerður Garðarsdóttir og Nanna Hlín Skúladóttir.

Mjög mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir mikilvægi þess að fara í einu og öllu eftir því sem kennari segir. Nemendur þurfa að vita hvar þeirra staður er á skólalóðinni ef upp kemur eldur. Þeir geta verið staddir annarsstaðar en í stofunni og þá er staðurinn þeirra á skólalóðinni sá staður sem þeir eiga að hitta kennarann sinn á.

Þegar brunabjalla hringir:

- **eiga nemendur að fara í röð.** Þeir taka eingöngu með sér skó og fara í þá. Kennari tekur með sér nafnalista og telur nemendur. Það fer of langur tími í að taka annað með sér.
- **fylgja nemendur kennara að næsta útgangi.** Mikilvægt er að ryðjast ekki heldur ganga rösklega og fylgja sinni röð.
- **fara nemendur með röðinni á sinn stað á skólalóðinni.** Allir nemendur skólans fara á malbikað svæði við hliðina á íþróttahúsinu (Núpalind). Kennarar sem eru með hálfan bekk sameinast með bekkinn úti á velli. Mjög mikilvægt er að halda röðunum og að kennari telji nemendur og kanni hvort allir hafi örugglega skilað sér.
- **Nemendur víkja ekki úr röðum fyrr en tengiliður segir hvað eigi að gera.**

Aðstoðarskólastjóri og ritari eru tengiliðir fyrir yngra stig. Deildarstjórar unglingastigs og miðstigs eru tengiliðir fyrir 5. - 10. bekk.

- Ef nemandi/nemendur lokast inni í stofu á 2. hæð skólans vegna elds fyrir utan stofuna, á hann/þeir að opna glugga og láta úlpu hanga út. Þannig veit slökkviliðið af þeim og getur komið til bjargar.
- Ef það uppgötvast að nemandi vantar er mjög mikilvægt að kennari setji sig í samband við tengilið en hlaupi ekki sjálfur af stað til að leita. Allir kennarar eru með spjald sem þeir eiga að taka með sér út. Ef allir nemendur sem þeir bera ábyrgð á eru mættir lyfta þeir upp grænu spjaldi annars rauðu spjaldi og þá geta viðbragsaðilar brugðist við því. Kennarinn verður alltaf að vera staðsettur hjá hópnum.
- Skólastjóri/húsvörður setur sig í samband við tengiliði og upplýsir hvert næsta skref sé. Kennarar halda sig hjá sínum bekkjum og bíða átekta.

Ef ekki er hægt að fara inn í skólann aftur eiga allir að fara í íþróttahúsið. Í röðum að sjálfsögðu og bíða þar átekta svo framarlega að eldurinn sé ekki þar.

Viðbrögð við vá

Óveður



Stundum getur skólahald raskast vegna óveðurs. Þá er ætlast til að foreldrar/forráðamenn meti hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann. Kennslu er haldið uppi samkvæmt stundaskrá þó fáir nemendur mæti í skólann. Ef veður versnar á skólatíma eru nemendur ekki sendir heim þegar skóla lýkur, heldur látnir bíða í skólanum uns þeir verða sóttir eða þar til

veðri slotar. Á heimasíðu skólans má finna: „*Viðbrögð skólans vegna óveðurs*” og „*Viðbrögð foreldra vegna óveðurs*” sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins útbjó í samvinnu við fræðsluyfirvöld sveitarfélaganna á svæðinu.

Inflúensa

Lindaskóli er með viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almanna- og Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar innan skólans. Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til inflúensu er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus. Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna mikilvægi handþvottar og að fólk hósti í olnbogabót/ekki í lófa
- Öllum starfsmönnum Kópavogsbæjar er boðið upp á bólusetningu fyrir árlegri inflúensu.

Að öðru leyti er farið eftir gildandi sóttvarnareglum Almanna- og Almannavarna komi til þess að upp komi faraldur eða annað sem þarf að bregðast við með auknum sóttvörnum.

Jarðskjálfti

Viðbrögð við jarðskjálftum: <http://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta>

Eldgos

Viðbrögð við eldgos: <http://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd>

14. Skólamáltíðir og skólaakstur

Skólamáltíðir

Hollt fæði og heilbrigt lífni eru tvö af lykilatriðum til árangurs í námi. Hádegismatur er gjaldfrjálss fyrir alla nemendur skólans. Foreldrar eru þó beðnir að skrá börn sín í mat sem hafa hug á að borða í hádeginu. Það er gert til þess að hægt sé að halda utan um nemendur með ofnæmi, óþol og sérþæði sem og til þess að halda utan um fjölda nemenda í mat og til að forðast í lengstu lög matarsóun. Ef nemendur hafa verið skráðir í mataráskrift á síðasta skólaári þurfa þeir ekki að skrá fyrir þetta skólaár. Ávaxtahressingin á morgnana er ekki gjaldfrjálss og því þurfa foreldrar að skrá börn sín í hana ef þau vilja vera í áskrift. Eins og áður geta nemendur í 8.-10. bekk keypt sér morgunhressingu í skólamötuneytinu. Hádegismatur er matreiddur í eldhúsi skólans og matseðillinn tekur mið af leiðbeiningum frá Lýðheilsustofnun. Matreiðslumeistari Lindaskóla er Matthildur Kristjánsdóttir. **Lindaskóli er hnetulaus skóli** og því þurfa foreldrar og nemendur að passa að það nesti sem nemendur koma með að heiman sé hnetulaust.

Lindaskóli er umhverfisvænn skóli og því beinum við þeim tilmælum til foreldra og nemenda að koma ekki með einnota umbúðir í skólann, nota þess í stað margnota nestisbox og drykkjarílát.

Skólaakstur

Skólaakstur er fyrir nemendur í 1.-9. bekk í sund í Salalaug og fyrir nemendur í 8.-10. bekk í íþróttir í íþróttahúsið Smárann. Deildarstjóri unglingastigs sér um skipulag skólaaksturs út frá stundatöflum nemenda. Teitur Jónasson sér um skólaaksturinn en Kópavogsbær sér um samninga vegna skólaaksturs.

Óskilamunir

Skólaliðar safna saman óskilamunum af göngum og koma þeim fyrir í geymslu fyrir óskilamuni. Það er hægt að nálgast óskilamuni á opnunartíma skólans. Í lok skólaárs eftir að foreldrum hefur gefist kostur á að koma og sækja fatnað barna sinna er farið með óskilamuni til Rauða krossins.

15. Þróunarverkefni – stefna skólans

Eins og fram hefur komið mun Lindaskóli vinna næstu ár að innleiðingu verkefnisins Kveikjum Neistann. Áherslur verkefnisins eru lestur, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfing og hugarfar. Fyrir tveimur árum síðan undirritaði Lindaskóli, Kópavogsbær og Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar



sem stendur að baki Kveikjum neistann samstarfssamning til þriggja ára. Lindaskóli hóf því formlega innleiðingu á Kveikjum Neistann í 1. og 2. bekk síðastliðinn vetur. Á þessu skólaári eru 1. - 3. bekkur í innleiðingarferli. Samhliða því mun Lindaskóli leggja aukna áherslu á lestur og læsi sem og gróskuhugarfar og seiglu í öllum bekkjardeildum skólans.

Annað verkefni sem við í Lindaskóla erum með í þróun er svokölluð Velliðunarstofa. Í henni starfar náms- og starfsráðgjafi sem við köllum einnig velliðunarkennara. Sá kennari sér um að huga að börnum sem líða illa eða þurfa að styrkja sig í félagslegum samskiptum. Sá kennari er einnig í sambandi við nemendur sem eru í skólaforðun eða grípur þau börn sem sýna einkenni sem geta leitt til skólaforðunar. Einnig koma nemendur inn í stofuna sem þurfa að léttast á sér eða fá næði til að ná að koma sér út úr erfiðum eða flóknum aðstæðum sem þau hafa komið sér eða öðrum í. Kennarar nýta stofuna einnig í jóga eða slökun fyrir nemendahópa.

Eins og fram hefur komið er eitt af stærstu verkefnum vetrarins innleiðingin á endurbættri aðalnámskrá. Kennarateymi skólans mun vinna að þeirri innleiðingu á þessu skólaári til að hægt sé að setja þær áherslur inn í skólanámskrá skólans. Nýjasta verkefnið okkar er síðan áhættumat nemenda sem atferlisfræðingur skólans heldur utan um ásamt umsjónarkennurum. Það verkefni teljum við afar brýnt í ljósi aukinnar ofbeldishegðunar barna og ungmenna og verður áhugavert að fylgjast með hvort við getum með þessum aðgerðum spornað við atvikum sem annars gætu valdið mögulegum skaða.

Fylgiskjöl

Stundatöflur

1. DN

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	NS/SDJ 325/326 X	08:20 09:00	NS/SDJ 325/326 X	08:20 09:00	TJ/NS 325/326 X	08:20 09:00	NS/SDJ 325/326 X	08:20 09:00	BS/SK 212/Íþ Íþr/Tón
09:00 09:40	NS/SDJ 325/326 X	09:00 09:40	NS/SDJ 325/326 X	09:00 09:40	TJ/NS 325/326 X	09:00 09:40	NS/SDJ 325/326 X	09:00 09:40	BS/SK 212/Íþ Íþr/Tón
09:40 10:00	NS/SDJ 325/326 X	09:40 10:00	NS/SDJ 325/326 X	09:40 10:00	NS/SDJ 325/326 X	09:40 10:00	NS/SDJ 325/326 X	09:40 10:00	NS/SDJ 325/326 X
10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist
10:20 11:00	Þ1 325/326 Þjálf	10:20 11:00	Þ1 325/326 Þjálf	10:20 11:00	Þ1 325/326 Þjálf	10:20 11:00	Þ1 325/326 Þjálf	10:20 11:00	Þ1 325/326 Þjálf
11:00 11:40	NS/SDJ 325/326 X	11:00 11:40	NS/SDJ 325/326 X	11:00 11:40	NS/SDJ 325/326 X	11:00 11:40	NS/SDJ 325/326 X	11:00 11:40	NS/SDJ 325/326 X
11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR
12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist
12:20 13:00	NS/SDJ 325/326 X	12:20 13:00	Ást 1-2 325/212/ Ást	12:20 13:00	Ást 1-2 325/212/ Ást	12:20 13:00	Ást 1-2 325/212/ Ást	12:20 13:00	NS/SDJ 325/326 X
13:00 13:20	NS/SDJ 325/326 X	13:00 13:20	Ást 1-2 325/212/ Ást	13:00 13:20	Ást 1-2 325/212/ Ást	13:00 13:20	Ást 1-2 325/212/ Ást	13:00 13:20	NS/SDJ 325/326 X

2. LS

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	LJ/SÓ 323/324 X	08:20 09:00	LG/SK 212/Íþ Íþr/Tón	08:20 09:00	SM/LJ 323/324 X	08:20 09:00	BS/LJ/LG 323/324 Sundf.á/X	08:20 09:00	LJ/SÓ 323/324 X
09:00 09:40	Þ2 323/324 Þjálf	09:00 09:40	LG/SK 212/Íþ Íþr/Tón	09:00 09:40	SM/SÓ 323/324 X	09:00 09:40	BS/LJ/LG 323/324 Sundf.á/X	09:00 09:40	LJ/SÓ 323/324 X
09:40 10:00	LJ/SÓ 323/324 X	09:40 10:00	LJ/SÓ 323/324 X	09:40 10:00	LJ/SÓ 323/324 X	09:40 10:00	LJ/SÓ 323/324 X	09:40 10:00	LJ/SÓ 323/324 X
10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist
10:20 11:00	LJ/SÓ 323/324 X	10:20 11:00	LJ/SÓ 323/324 X	10:20 11:00	LJ/SÓ 323/324 X	10:20 11:00	BS/LJ/LG 323/324 Sundf.á/X	10:20 11:00	LJ/SÓ 323/324 X
11:00 11:40	LJ/SÓ 323/324 X	11:00 11:40	Þ2 323/324 Þjálf	11:00 11:40	Þ2 323/324 Þjálf	11:00 11:40	Þ2 323/324 Þjálf	11:00 11:40	Þ2 323/324 Þjálf
12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist
12:20 13:00	LJ/SÓ 323/324 X	12:20 13:00	Ást 1-2 325/212/ Ást	12:20 13:00	Ást 1-2 325/212/ Ást	12:20 13:00	Ást 1-2 325/212/ Ást	12:20 13:00	LJ/SÓ 323/324 X
13:00 13:20	LJ/SÓ 323/324 X	13:00 13:20	Ást 1-2 325/212/ Ást	13:00 13:20	Ást 1-2 325/212/ Ást	13:00 13:20	Ást 1-2 325/212/ Ást	13:00 13:20	LJ/SÓ 323/324 X

3. HST

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	BS/SM/TJ 327/328/ Íp/X/X	08:20 09:00	HM/SM/TJ318/327/ X	08:20 09:00	DK/ES/HM110/111/ Smi3	08:20 09:00	HM/SM/TJ318/327/ X	08:20 09:00	HM/SM/TJ318/327/ X
09:00 09:40	BS/SM/TJ 327/328/ Íp/X/X	09:00 09:40	Þ3 318/327/ Þjálfr	09:00 09:40	DK/ES/HM110/111/ Smi3	09:00 09:40	Þ3 318/327/ Þjálfr	09:00 09:40	Þ3 318/327/ Þjálfr
09:40 10:00	HM/SM/TJ318/327/ X	09:40 10:00	HM/SM/TJ318/327/ X	09:40 10:00	HM/SM/TJ318/327/ X	09:40 10:00	HM/SM/TJ318/327/ X	09:40 10:00	HM/SM/TJ318/327/ X
10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist
10:20 11:00	BS/SM/TJ 327/328/ Íp/X/X	10:20 11:00	DK/ES/HM110/111/ Smi3	10:20 11:00	VÓ/SM/TJ 327/328/ Íp/X/X	10:20 11:00	DK/ES/HM110/111/ Smi3	10:20 11:00	HM/SM/TJ318/327/ X
11:00 11:40	Þ3 318/327/ Þjálfr	11:00 11:40	DK/ES/HM110/111/ Smi3	11:00 11:40	VÓ/SM/TJ 327/328/ Íp/X/X	11:00 11:40	DK/ES/HM110/111/ Smi3	11:00 11:40	HM/SM/TJ318/327/ X
11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR
12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist
12:20 13:00	SJ/HM/SM318/327/ Ást	12:20 13:00	HM/SM/TJ318/327/ X	12:20 13:00	VÓ/SM/TJ 327/328/ Íp/X/X	12:20 13:00	HM/SM/TJ318/327/ X	12:20 13:00	SJ/HM/SM318/327/ Ást
13:00 13:20	SJ/HM/SM318/327/ Ást	13:00 13:20	HM/SM/TJ318/327/ X	13:00 13:20	HM/SM/TJ318/327/ X	13:00 13:20	HM/SM/TJ318/327/ X	13:00 13:20	SJ/HM/SM318/327/ Ást

4. GG

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	GE/GÓ/SK212/G.be Tón/X	08:20 09:00	GE/DK/HR110/111/ Smi4	08:20 09:00	GÓ/GE G.berg/S X	08:20 09:00	GE/GÓ/SK212/G.be Tón/X	08:20 09:00	GÓ/GE/LGG.berg/S Sundf.á/X
09:00 09:40	GE/GÓ/SK212/G.be Tón/X	09:00 09:40	GE/DK/HR110/111/ Smi4	09:00 09:40	GÓ/GE G.berg/S X	09:00 09:40	GE/GÓ/SK212/G.be Tón/X	09:00 09:40	GÓ/GE/LGG.berg/S Sundf.á/X
09:40 10:00	GÓ/GE G.berg/S X	09:40 10:00	GÓ/GE G.berg/S X	09:40 10:00	GÓ/GE G.berg/S X	09:40 10:00	GÓ/GE G.berg/S X	09:40 10:00	GÓ/GE G.berg/S X
10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist	10:00 10:20	Útivist
10:20 11:00	GÓ/GE G.berg/S X	10:20 11:00	GÓ/GE G.berg/S X	10:20 11:00	DK/GÓ/HR110/111/ Smi4	10:20 11:00	GÓ/GE/VÓÍp/G.ber Ípr/X	10:20 11:00	GÓ/GE/LGG.berg/S Sundf.á/X
11:00 11:40	BS/GE G.berg/Í Ípr/X	11:00 11:40	GÓ/GE G.berg/S X	11:00 11:40	DK/GÓ/HR110/111/ Smi4	11:00 11:40	GÓ/VÓ Íp/G.ber Ípr/X	11:00 11:40	GÓ/GE G.berg/S X
11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR	11:40 12:00	MATUR
12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist	12:00 12:20	Útivist
12:20 13:00	BS/GE G.berg/Í Ípr/X	12:20 13:00	GÓ/GE G.berg/S X	12:20 13:00	GÓ/GE G.berg/S X	12:20 13:00	GÓ/GE G.berg/S X	12:20 13:00	GÓ/GE G.berg/S X
13:00 13:20	GÓ/GE G.berg/S X	13:00 13:20	GÓ/GE G.berg/S X	13:00 13:20	GÓ/GE G.berg/S X	13:00 13:20	GÓ/GE G.berg/S X	13:00 13:20	GÓ/GE G.berg/S X

5. KS

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	PS/ADB 213/214 Sam/X	08:20 09:00	KG/SJ 213/214 X	08:20 09:00	BS/KG/LG213/214/ Sunde.á/X	08:20 09:00	DK/ES/HR L&V Smi5	08:20 09:00	KG/SJ 213/214 X
09:00 09:40	PS/ADB 213/214 Sam/X	09:00 09:40	KG/SJ 213/214 X	09:00 09:40	BS/KG/LG213/214/ Sunde.á/X	09:00 09:40	DK/ES/HR L&V Smi5	09:00 09:40	KG/SJ 213/214 X
09:40 10:20	PS/SJ 213/214 X	09:40 10:20	KG/SJ 213/214 X	09:40 10:20	BS/KG/LG213/214/ Sunde.á/X	09:40 10:20	KG/SJ 213/214 X	09:40 10:20	KG/SJ 213/214 X
10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist
10:40 11:20	ADB/SK 212/213/ Tón/X	10:40 11:20	ADB/LG 115/Íþ Íþr/Sam	10:40 11:20	Kurl Kurl Kurlið	10:40 11:20	ADB/SJ 115/214 Sam/X	10:40 11:20	KG/SJ 213/214 X
11:20 12:00	SJ/SK 212/213/ Tón/X	11:20 12:00	ADB/LG 115/Íþ Íþr/Sam	11:20 12:00	Kurl Kurl Kurlið	11:20 12:00	ADB/SJ 115/214 Sam/X	11:20 12:00	BS/SK 212/Íþ Íþr/Tón
12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR
12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist
12:40 13:20	DK/ES/HR L&V Smi5	12:40 13:20	KG/SJ 213/214 X	12:40 13:20	KG/SJ 213/214 X	12:40 13:20	KG/SJ 213/214 X	12:40 13:20	BS/SK 212/Íþ Íþr/Tón
13:20 14:00	DK/ES/HR L&V Smi5	13:20 14:00	KG/SJ 213/214 X	13:20 14:00	KG/SJ 213/214 X	13:20 14:00	KG/SJ 213/214 X	13:20 14:00	KG/SJ 213/214 X

6. AS

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	AN/SE 116/117 X	08:20 09:00	AN/SE 116/117 X	08:20 09:00	AN/SE/BS116/117/ Sundf.á/X	08:20 09:00	AN/SE 116/117 X	08:20 09:00	AN/SE 116/117 X
09:00 09:40	AN/SE 116/117 X	09:00 09:40	AN/SE 116/117 X	09:00 09:40	AN/SE/BS116/117/ Sundf.á/X	09:00 09:40	AN/SE 116/117 X	09:00 09:40	AN/SE 116/117 X
09:40 10:20	AN/SE 116/117 X	09:40 10:20	AN/SE 116/117 X	09:40 10:20	AN/SE/BS116/117/ Sundf.á/X	09:40 10:20	AN/SE 116/117 X	09:40 10:20	BS/AN 116/Íþ Íþr/X
10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist
10:40 11:20	DK/ES/HR L&V Smi6	10:40 11:20	AN/SE 116/117 X	10:40 11:20	Kurl Kurl Kurlið	10:40 11:20	AN/SE 116/117 X	10:40 11:20	BS/SE 117/Íþ Íþr/X
11:20 12:00	DK/ES/HR L&V Smi6	11:20 12:00	AN/SE 116/117 X	11:20 12:00	Kurl Kurl Kurlið	11:20 12:00	AN/SE 116/117 X	11:20 12:00	AN/SE 116/117 X
12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR
12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist
12:40 13:20	SK/AN 116 Tón/X	12:40 13:20	ÁB/LG 129/Íþ Íþr/X	12:40 13:20	AN/SE 116/117 X	12:40 13:20	DK/ES/HR L&V Smi6	12:40 13:20	AN/SE 116/117 X
13:20 14:00	SE/SK 117/212 Tón/X	13:20 14:00	ÁB/LG 129/Íþ Íþr/X	13:20 14:00	AN/SE 116/117 X	13:20 14:00	DK/ES/HR L&V Smi6	13:20 14:00	AN/SE 116/117 X

7. AHS

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	DK/ES/HR L&V smi7b	08:20 09:00	ADB/HÓB/112/113/ X	08:20 09:00	AA/VÓ 121/Íþ Íþr/Dan	08:20 09:00	AA/VÓ 121/Íþ Íþr/Dan	08:20 09:00	ADB/HÓB/112/113/ X
09:00 09:40	DK/ES/HR L&V smi7b	09:00 09:40	HÓB/SH/S126/112/ Stæ	09:00 09:40	AA/VÓ 121/Íþ Íþr/Dan	09:00 09:40	AA/VÓ 121/Íþ Íþr/Dan	09:00 09:40	HÓB/SH/S126/112/ Stæ
09:40 10:20	ADB/HÓB/112/113/ X	09:40 10:20	ADB/HÓB/112/113/ X	09:40 10:20	ADB/HÓB/112/113/ X	09:40 10:20	ADB/HÓB/112/113/ X	09:40 10:20	ADB/HÓB/112/113/ X
10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist	10:20 10:40	Útivist
10:40 11:20	AA/SH 113/121 Dan/X	10:40 11:20	BS/SH/VÓ Sala/113 Sund/X	10:40 11:20	Kurl Kurl Kurlið	10:40 11:20	HÓB/SH/S126/112/ Stæ	10:40 11:20	DK/ES/HR L&V smi7b
11:20 12:00	ADB/AA 115/121 Dan/X	11:20 12:00	BS/SH/VÓ Sala/113 Sund/X	11:20 12:00	Kurl Kurl Kurlið	11:20 12:00	HÓB/SH/S126/112/ Stæ	11:20 12:00	DK/ES/HR L&V smi7b
12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR	12:00 12:20	MATUR
12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist	12:20 12:40	Útivist
12:40 13:20	HÓB/SH/S126/112/ Stæ	12:40 13:20	ADB/HÓB/112/113/ X	12:40 13:20	ADB/HÓB/112/113/ X	12:40 13:20	ADB/HÓB/112/113/ X	12:40 13:20	ADB/HÓB/112/113/ X
13:20 14:00	ADB/HÓB/112/113/ X	13:20 14:00	ADB/HÓB/112/113/ X	13:20 14:00	HÓB/SH/S126/112/ Stæ	13:20 14:00	ADB/HÓB/112/113/ X	13:20 14:00	ADB/HÓB/112/113/ X

8. AH

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	AH 123 Stæ	08:10 09:10	BS/VÓ Sala Sund	08:20 09:00	MÁ 128 Sam	08:20 09:00	SDG 127 Ísl	08:20 09:00	AH 123 Stæ
09:00 09:40	SDG 127 Ísl			09:00 09:40	SDG 127 Ísl	09:00 09:40	SDG 127 Ísl	09:00 09:40	DK/ES/HR L&V Verk8
		09:40 10:20	SDG 127 Ísl	09:40 10:20	ÁB 129 Náttfr	09:40 10:20	AH 123 Stæ	09:40 10:20	DK/ES/HR L&V Verk8
10:05 10:45	LG/VÓ Smár Íþr								
10:45 11:25	LG/VÓ Smár Íþr	10:40 11:20	AH 123 Stæ	10:40 11:20	AH 123 Stæ	10:40 11:20	MÁ 128 Sam	10:40 11:20	ÁB 129 Náttfr
		11:20 12:00	MÁ 128 Sam	11:20 12:00	AH 123 Stæ	11:20 12:00	AH 123 Stæ	11:20 12:00	SDG 127 Ísl
12:00 12:40	AA 121 Dan	12:00 12:40	SDG 127 Ísl	12:00 12:40	AA 121 Dan	12:00 12:40	KH 124 Ens	12:00 12:40	AH 123 Umsjón
13:10 13:50	KH 124 Ens	13:10 13:50	KH 124 Ens	13:10 13:50	DK/ES/HR L&V Verk8	13:10 13:50	AH/ÁB 123/129 Fló		
13:50 14:30	ÁB 129 Náttfr	13:50 14:30	AA 121 Dan	13:50 14:30	DK/ES/HR L&V Verk8	13:50 14:30	AH/ÁB 123/129 Fló		

8. ÁB

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	SÁ 126 Stæ	08:20 09:00	ÁB 129 brask	08:20 09:00	ÁB 129 Náttfr	08:20 09:00	ÞS 125 Ísl	08:20 09:00	SÁ 126 Stæ
09:00 09:40	MÁ 128 Sam	09:00 09:40	ÁB 129 brask	09:00 09:40	KH 124 Ens	09:00 09:40	ÞS 125 Ísl	09:00 09:40	DK/ES/HR L&V Verk8
10:05 10:45	LG/VÓ Smár Íþr	09:40 10:20	ÞS 125 Ísl	09:40 10:20	ÞS 125 Ísl	09:40 10:20	SÁ 126 Stæ	09:40 10:20	DK/ES/HR L&V Verk8
	LG/VÓ Smár Íþr	10:40 11:20	ÁB 129 Náttfr	10:40 11:20	SÁ 126 Stæ	10:40 11:20	AA 122 Dan	10:40 11:20	KH 124 Ens
		11:20 12:00	SÁ 126 Stæ	11:20 12:00	SÁ 126 Stæ	11:20 12:00	MÁ 128 Sam	11:20 12:00	ÞS 125 Ísl
12:00 12:40	SÁ 126 Stæ	12:00 12:40	ÞS 125 Ísl	12:00 12:40	MÁ 128 Sam	12:00 12:40	ÁB 129 Náttfr	12:00 12:40	ÁB 129 Umsjón
13:10 13:50	AA 122 Dan	13:10 13:50	AA 122 Dan	13:10 13:50	DK/ES/HR L&V Verk8	13:10 13:50	AH/ÁB 123/129 Fló		
13:50 14:30	ÞS 125 Ísl	13:50 14:30	KH 124 Ens	13:50 14:30	DK/ES/HR L&V Verk8	13:50 14:30	AH/ÁB 123/129 Fló		

9. SÁ

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:00 08:40	LG/VÓ Smár Íþr								
08:40 09:20	LG/VÓ Smár Íþr	08:20 09:00	SÁ 126 Stæ	08:20 09:00	SÁ 126 Stæ	08:20 09:00	KH 124 Ens	08:20 09:00	MÁ 128 Sam
		09:00 09:40	MÁ 128 List	09:00 09:40	SÁ 126 Stæ	09:00 09:40	MÁ 128 Sam	09:00 09:40	ÁB 129 Náttfr
09:40 10:20	ÁB 129 Náttfr	09:40 10:20	MÁ 128 List	09:40 10:20	KH 124 Ens	09:40 10:20	ÁB 129 Náttfr	09:40 10:20	SDG 127 Ísl
10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti
10:40 11:20	SÁ 126 Stæ	10:40 11:20	SDG 127 Ísl	10:40 11:20	AA 121 Dan	10:40 11:20	SDG 127 Ísl	10:40 11:20	AA 121 Dan
11:20 12:00	KH 124 Ens	11:20 12:00	KH 124 Ens	11:20 12:00	MÁ 128 Sam	11:20 12:00	SDG 127 Ísl	11:20 12:00	SÁ 126 Stæ
12:00 12:40	SDG 127 Ísl	12:00 12:40	AA 121 Dan	12:00 12:40	SDG 127 Ísl	12:00 12:40	SÁ 126 Stæ	12:00 12:40	SÁ 126 Umsjón
12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR
13:10 13:50	SDG 127 Ísl								

9. ÞS

2025-2026

Mánudagur			Þriðjudagur			Miðvikudagur			Fimmtudagur			Föstudagur		
08:00	LG/VÓ	Smár												
08:40	Íþr		08:20	AH	123	08:20	AH	123	08:20	MÁ	128	08:20	ÁB	129
08:40	LG/VÓ	Smár	09:00	Stæ		09:00	Stæ		09:00	Sam		09:00	Náttfr	
09:20	Íþr					09:00	AH	123	09:00	ÁB	129	09:00	KH	124
			09:10	BS/VÓ	Sala	09:40	Stæ		09:40	Náttfr		09:40	Ens	
09:40	AA	121	10:10	Sund		09:40	MÁ	128	09:40	KH	124	09:40	AH	123
10:20	Dan					10:20	Sam		10:20	Ens		10:20	Stæ	
10:20	Nesti		10:20	Nesti		10:20	Nesti		10:20	Nesti		10:20	Nesti	
10:40	MÁ	128	10:40	AA	121	10:40	ÁB	129	10:40	ÞS	125	10:40	ÞS	125
11:20	Sam		11:20	Dan		11:20	Náttfr		11:20	Ísl		11:20	Ísl	
11:20	AH	123	11:20	ÞS	125	11:20	ÞS	125	11:20	ÞS	125	11:20	AA	121
12:00	Stæ		12:00	Ísl		12:00	Ísl		12:00	Ísl		12:00	Dan	
12:00	ÞS	125	12:00	KH	124	12:00	KH	124	12:00	AH	123	12:00	ÞS	125
12:40	Ísl		12:40	Ens		12:40	Ens		12:40	Stæ		12:40	Umsjón	
12:40	MATUR		12:40	MATUR		12:40	MATUR		12:40	MATUR		12:40	MATUR	
13:10	ÞS	125												
13:50	Ísl													

10. KH

2025-2026

Mánudagur			Þriðjudagur			Miðvikudagur			Fimmtudagur			Föstudagur		
08:20	MÁ	128	08:20	ÞS	125	08:20	ÞS	125	08:20	SÁ	126	08:20	ÞS	125
09:00	Sam		09:00	Ísl		09:00	Ísl		09:00	Stæ		09:00	Ísl	
09:00	KH	124	09:00	ÞS	125	09:00	ÁB	129	09:00	SÁ	126	09:00	AA	121
09:40	Ens		09:40	Ísl		09:40	Náttfr		09:40	Stæ		09:40	Dan	
09:40	SÁ	126	09:40	AA	121	09:40	AA	121	09:40	MÁ	128	09:40	MÁ	128
10:20	Stæ		10:20	Dan		10:20	Dan		10:20	Sam		10:20	Sam	
10:20	Nesti		10:20	Nesti		10:20	Nesti		10:20	Nesti		10:20	Nesti	
10:40	ÞS	125	10:40	KH	124	10:40	ÞS	125	10:40	KH	124	10:40	SÁ	126
11:20	Ísl		11:20	Ens		11:20	Ísl		11:20	Ens		11:20	Stæ	
			11:20	ÁB	129	11:20	KH	124	11:20	AA	121	11:20	ÁB	129
11:30	LG/VÓ	Smár	12:00	Náttfr		12:00	Ens		12:00	Dan		12:00	Náttfr	
12:10	LG/VÓ	Smár	12:00	SÁ	126	12:00	SÁ	126	12:00	ÞS	125	12:00	KH	124
12:50	Íþr		12:40	Stæ		12:40	Stæ		12:40	Ísl		12:40	Umsjón	
			12:40	MATUR		12:40	MATUR		12:40	MATUR		12:40	MATUR	
13:20	MATUR													
13:30														
			15:20	LG/VÓ	Íþ									
			16:00	Hrey										

10. SG

2025-2026

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
08:20 09:00	KH 124 Ens	08:20 09:00	SDG 127 Ísl	08:20 09:00	SDG 127 Ísl	08:20 09:00	AH 123 Stæ	08:20 09:00	AA 121 Dan
09:00 09:40	AH 123 Stæ	09:00 09:40	SDG 127 Ísl	09:00 09:40	MÁ 128 Sam	09:00 09:40	AH 123 Stæ	09:00 09:40	SDG 127 Ísl
09:40 10:20	SDG 127 Ísl	09:40 10:20	ÁB 129 Náttfr	09:40 10:20	SDG 127 Ísl	09:40 10:20	AA 121 Dan	09:40 10:20	KH 124 Ens
10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti	10:20 10:40	Nesti
10:40 11:20	ÁB 129 Náttfr	10:40 11:20	MÁ 128 Sam	10:40 11:20	KH 124 Ens	10:40 11:20	ÁB 129 Náttfr	10:40 11:20	MÁ 128 Sam
11:20 12:00	LG/VÓ Smár Íþr	11:20 12:00	AA 121 Dan	11:20 12:00	AA 121 Dan	11:20 12:00	KH 124 Ens	11:20 12:00	AH 123 Stæ
12:00 12:40	LG/VÓ Smár Íþr	12:00 12:40	AH 123 Stæ	12:00 12:40	AH 123 Stæ	12:00 12:40	SDG 127 Ísl	12:00 12:40	SDG 127 Umsjón
12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR	12:40 13:10	MATUR
		15:20 16:00	LG/VÓ Íþ Hrey						

Valgreinar



**Valgreinar fyrir 8 - 10. bekk í Lindaskóla fyrir skólaárið
2025-2026.**

Sjá hlekk.

<https://sites.google.com/kopskolar.is/valgreinar-unglingadeild?usp=sharing>

Samþykki skólaráðs



Lindaskóli

Skólaráð Lindaskóla hefur fjallað um starfsáætlun Lindaskóla fyrir skólaárið 2025-2026 á fundi skólaráðs 25. september 2025

Margrét Ármann, skólastjóri

Saranda Dyla, fulltrúi foreldra

Ingunn Guðbrandsdóttir, fulltrúi foreldra

Erla Sigurbjartsdóttir, fulltrúi kennara

Ásta Björk Agnarsdóttir, fulltrúi kennara

Magnús Kristjánsson, fulltrúi grenndarsamfélags

Þórdís Rúnars Þórsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fulltrúi nemenda

Fulltrúi nemenda

Samþykki skólaráðs

Útfærsla Lindaskóla á viðmiðunarstundaskrá

2023-2024	1.-4. bekkur								0	5.-7. bekkur								8.-10. bekkur						
	Heild	40 mín	1.b	2.b	3.b	4.b		Lindaskóli		Heild	40 mín	5.b	6.b	7.b		Lindaskóli		Heild	40 mín	8.b	9.b	10.b		
Íslenska	1120	7	7	7	7	7	28	1120	680	5,67	7	7	7	21	840	630	5,25	7	7	7	21	840		
Enska			0,5	0,5	0,5	0,5					2	3	3					3	4	4				
Danska													3					3	3	4				
Erlend tungumál	80	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	2	80	460	3,83	2	3	6	11	440	840	7	6	7	8	21	840		
Heimilisfræði			1	1	1	1					1	1	1											
Hönnun og smíði			1	1	1	1					1	1	1											
Verksmiðjan											1	1	1				4							
Myndmennt			1	1	1	1					1	1	1											
Samstund - samvinna											1	1	1											
Textílmennt			1	1	1	1					1	1	1											
Tónmennt			2	2	1	2					2	1												
List og verkgr.	900	5,63	6	6	5	6	23	920	840	7	8	7	6	21	840	340	2,83	4	0	0	4	160		
Náttúrugreinar	420	2,63	2,5	2,5	3	3	11	440	340	2,83	3	3	3	9	360	360	3	4	3	3	10	400		
Hreyfifærni			1	1																				
Íþróttir			2	2	2	2					2	2	2					2	2	3				
Sund			1	1	1	1					1	1	1					1	1					
Skólaíþróttir	480	3	4	3	3	3	13	520	360	3	3	3	3	9	360	360	3	3	3	3	9	360		
Lífsleikni			1	1	1	1					1	1	1											
Samfélagsfræði			2,5	2,5	2,5	2,5					4	4	4					3	3	3				
Samfélagsgreinar	580	3,63	3,5	3,5	3,5	3,5	14	560	600	5	5	5	5	15	600	360	3	3	3	3	9	360		
Stærðfræði	800	5	5	5	5	5	20	800	600	5	6	6	5	17	680	600	5	7	6	6	19	760		
Upplýsinga- og tæknim.	120	0,75					0	0	160	1,33				0	0	80	0,67				0	0		
Kór				*	*	*																		
Umsjón																		1	1	1				
Flóra/brask og brall																		3						
Val	300	1,88	1,5	2,5	3	2	9	360	160	1,33	1	1	0	2	80	870	7,25		7	7	14	560		
Samtals tímar:			30	30	30	30					35	35	35					37	37	37				
	4800		1200	1200	1200	1200	4800	4800	4200		1400	1400	1400	4200	4200	4440		1480	1480	1480	4440	4280		